Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda

Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf.
Innheimtubréf, dags. 13. maí 2020.
Staða skuldabréfs, dags. 13. maí 2020.
Staðfesting á árangurslausri leit að heimilisfangi frá grænenskum yfirvöldum.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 23. júní 2021, kl. 9.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Kópavogi, 27. apríl 2021.

F. h. stefnanda,

Margrét Ása Eðvarðsdóttir lögmaður.

(2021010737

Útgáfud.: 21. maí 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, Kópavogi.

Stefndi: Jón Ingi Þórarinnsson, kt. 120882-4739, Ótilgreint.

Málflutningsumboð: Undirrituð, Margrét Ása Eðvarðsdóttir lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 325.549, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 325.549, frá 1. febrúar 2021 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðar reikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á afborgunarláni nr. 511-830918 útgefið þann 13.04.2019 af stefnda til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, sem er stefnandi málsins.

Lánið var upphaflega að fjárhæð kr. 950.000 og skyldi endurgreiða með 30 afborgunum á eins mánaðar fresti. Lánið bar breytilega einstaklingsvexti, sem voru 4,50% að viðbættu föstu vaxtaálagi 2,95%, samtals voru vextir 7,45%. Vextir skyldu reiknast frá útgáfudegi. Fyrsti gjalddagi var ákveðinn þann 1. maí 2019.

Stefndi greiddi afborganir lánsins þangað til 1. febrúar 2021 og var það því sent í löginheimtu vegna vanskila. Í samræmi við 4. gr. skilmála lánsins var öll skuldin felld í gjalddaga vegna vanskila. Eftirstöðvar skuldarinnar á gjaldfellingardegi voru að fjárhæð kr. 325.549 sem er stefnufjárhæðin.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Þar sem lögheimili stefnda er ótilgreint er stefnanda nauðugur einn sá kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði í samræmi við a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagatilvísanir: Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. III kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Afrit af afborgunarláni.
4. Staða láns.
5. Innheimtubréf.
6. Útrentun úr Þjóðskrá.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 23. júní 2021, kl. 9.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Kópavogi, 11. maí 2021.

F. h. stefnanda,

Margrét Ása Eðvarðsdóttir lögmaður.

(2021010738

Útgáfud.: 21. maí 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, Kópavogi.

Stefndi: Ágúst Hlynur Vilborgarson, kt. 140692-2719, Danmörku.

Málflutningsumboð: Undirrituð, Margrét Ása Eðvarðsdóttir lögmaður, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 543.153, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 3. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr.

III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001af kr. 543.153 frá 19. júní 2020 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðar reikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Þann 25. mars 2004 stofnaði stefndi tékkareikning nr. 526-26-850405 við útibú stefnanda. Þann 30. apríl 2020 námu innistæðulausar færslur á reikningum kr. 543.153. Var reikningnum þá lokað. Áður hafði stefnda verið send tilkynning um löginneheimtu vegna skuldarinnar. Þann 19. maí 2020 var stefnda sent innheimtubréf. Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 er því krafist dráttarvaxta frá 19. júní 2020.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Þar sem stefndi er búsettur erlendis, nánar tiltekið í Danmörku, hefur stefnandi reynt að finna heimilisfang stefnda þar í landi án árangurs. Er stefnanda nauðugur einn sá kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði í samræmi við a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagatilvísanir: Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. III kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efinder fjárskuldbindinga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Yfirlit stöðu reiknings.
4. Innheimtubréf.
5. Staðfesting á leit að heimilisfangi í Danmörku.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 23. júní 2021, kl. 9.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Kópavogi, 10. maí 2021.

F. h. stefnanda,

Margrét Ása Eðvarðsdóttir lögmaður.

Útgáfud.: 21. maí 2021

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Héraðsdómur Reykjavíkur,

gerir kunnugt: Réttinum hefur tjáð Höskuldur Frímansson, kt. 121149-2069, Bogahlíð 7, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið í Reykjavík 1. febrúar 2021 af Eygló Höskuldsdóttur Viborg, kt. 141189-2639, Álfheimum 58, Reykjavík, til Höskuldar Frímanssonar, kt. 121149-2069, Bogahlíð 7, Reykjavík, upphaflega að fjárhæð kr. 7.835.000, sem beri verðtryggingu samkvæmt neysluvísitölu frá grunnvísitölu 487 stigum, tryggðu með öðrum veðrétti og uppfærslurétti í Álfheimum 58, Reykjavík, fnr. 202-1764, ásamt öllu því er eigninni fylgir og fylgja ber.

Fyrirsvar: Höskuldur Frímansson, kt. 121149-2069, Bogahlíð 7, Reykjavík, netfang: afl@simnet.is, rekur mál þetta sjálfur.

Málavextir, málsástæður og lagarök: Veðskuldabréfið sem um ræðir, nú áhvílandi á 2. veðrétti neðangreindrar eignar, var útgefið í Reykjavík þann 1. febrúar 2021 af Eygló Höskuldsdóttur Viborg, kt. 141189-2639, til Höskuldar Frímanssonar, kt. 121149-2069, upphaflega að fjárhæð kr. 7.835.000 tryggt með öðrum veðrétti og uppfærslurétti í Álfheimum 58, Reykjavík, fnr. 202-1764, ásamt öllu því er eigninni fylgir og fylgja ber.

Veðskuldabréfið var mótttekið til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 22. febrúar 2021 og hlaut þinglýsingarnúmerið 001327. Það var síðan innfært í þinglýsingarbækur þann 3. mars 2021.

Veðskuldabréfið var sett til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og verðbóta á lántímanum, svo og til tryggingar greiðslu alls kostnaðar er af vanskilum skuldara kann að leiða og honum ber að greiða að skaðlausu. Höfuðstóll skuldarinnar hækkar sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu 487 stigum en skuldin ber ekki aðra vexti nema til vanskila komi.

Gjalddagar skuldabréfsins eru 4 ári og var hinn fyrsti þann 1. apríl 2021, en eftir það eru gjalddagar á þriggja mánaða fresti. Kröfuhafinn póstlagði skuldabréfið með ábyrgðarbréfi til viðskiptabanka síns, sem er Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Laugum og óskaði eftir að sparisjóðurinn annaðist innheimtu þess. Bréfið barst hins vegar ekki sparisjóðnum. Eftirgrennslan kröfuhafans leiddi í ljós að sendingin hafði misfarist í höndum Íslandspósts, sem staðfesti með bréfi 6. apríl 2021 að þessi rekjanlega bréfasending hans væri „því miður“ glötuð. Af þessari ástæðu eru skilríki kröfuhafans fyrir ofangreindri kröfu hans glötuð og er honum því nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi þannig að unnt sé að aflýsa bréfinu og afla nýrrar skuldaviðurkenningar frá skuldaranum.

Stefnandi krefst ógildingar framangreinds veðskuldabréfs á framangreindum grundvelli sem kröfuhafi samkvæmt skuldabréfinu, sem aldrei hefur verið framselt.

(2021010739

Um lagarök vísar stefnandi til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi ætla að leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Ljósrit veðskuldaþréfs dags. 1. febrúar 2021.
4. Veðbandayfirlit, dags. 6. maí 2021 varðandi Álfheima 58, Reykjavík, fnr. 202-1764.
5. Fasteignayfirlit eignarinnar hjá Þjóðskrá Íslands dags. 6. maí 2021.
6. Staðfestingu Íslandsþósts 6. apríl 2021 um afdrif rekjanlegrar bréfasendingar nr. RK002329770IS.
7. Yfirlýsing Eyglóar Höskuldsdóttur Viborg, dags. 12. maí.
8. Staðfestingu á stefnubirtingunni í Lögbirtingablaðinu.

Fyrirkall: Vegna framangreinds stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskjal undir höndum og telur til réttar yfir því, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, þriðjudaginn 29. júní 2021, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskjalsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu veðskjalsins verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 14. maí 2021.

Barbara Björnsdóttir settur dómstjóri.

Eu. **Anna Sigurjónsdóttir** aðstoðarmaður dómara.

(2021010755)

Útgáfud.: 26. maí 2021

Stefna - forsjármál

Katarzyna Kornet,
kt. 020588-4469,

Bogabraut 961E, Reykjanessbæ,

gjörir kunnugt: Að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness, á hendur Piotr Sebastian Trzcinski, kt. 200586-4769, búsettum í Póllandi, til að þola dóm í samræmi við eftirfarandi dómkröfur.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að hún fari ein með forræði dóttur aðila, Helenu Kornet, kt. 240718-2270. Loks krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts samkvæmt málskostnaðarreikningi sem mun lagður fram síðar undir rekstri málsins eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

I. Málflutningsumboð: Lára V. Júlíusdóttir hrl., Lögmönnum Laugavegi 3, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

II. Málsatvik, málsástæður og lagarök:

Málavextir: Stefnandi flutti til Íslands frá Póllandi árið 2013. Árið 2016 kynntist hún stefnda og tóku þau upp sambúð það ár. Þjuggu aðilar saman í Reykjanessbæ og fæddist þeim dóttirin Helena Kornet þann 24. júlí 2018. Sambúð aðila lauk í september 2019 og flutti stefnandi þá út af heimili stefnda. Í kjölfarið gerðu aðilar samkomulag um umgengni dótturinnar fyrir sýslumanninum á Suðurnesjum, dags. 26. september 2019, þar sem fram kom að aðilar færu sameiginlega með forsjá barnsins, stúlkan myndi eiga lögheimili hjá stefnanda en stefnda yrði tryggt umgengni við barnið skv. 46. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Í júlí 2020 flutti stefndi hins vegar úr landi og býr hann nú í Póllandi, eftir því sem stefnandi best veit. Allt frá því að stefndi fluttist af landi brott hefur hann ekkert samband haft við stefnanda og veit stefnandi í raun ekkert um hagi stefnda. Í ljósi flutnings stefnda af landi brott og skorts á sambandi við hann hefur stefnandi talið sér nauðsynlegt að endurskoða samkomulag aðila um forsjá dótturinnar og leitaði stefnandi til sýslumannsins á Suðurnesjum í júní 2020 með það fyrir augum að leita sátta við stefnda um breytta skipan á forsjá barnsins, líkt og áskilið er í 33. gr. a. barnalaga. Stefnandi hefur hins vegar ekki sýnt nokkurn vilja til sátta og var sáttameðferð lokið þann 26. nóvember 2020, sbr. meðfylgjandi vottorð um sáttameðferð. Því er stefnanda nauðugur einn kostur að höfða mál þetta.

Málsástæður: Stefnandi telur nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi forsjár þar sem stefndi býr ekki á Íslandi og hefur auk þess ekkert samband hvorki við stefnanda né barn sitt. Stefnandi telur það hagsmunum barnsins fyrir bestu að hún fari ein með forsjá þess. Með því megi stuðla að því með betri hætti að hægt sé að taka meiri háttar ákvarðanir um hagsmuni barnsins, sbr. 1. mgr. 28. gr. a. barnalaga. Með núverandi fyrirkomulagi telur stefnandi að henni sé hamlað við meiri háttar ákvarðanir um málefni barns síns, enda beri henni við töku slíkra ákvarðana að hafa samráð við stefnda, sbr. 1. mgr. 28. gr. a. barnalaga. Þá telur stefnandi einnig að með núverandi fyrirkomulagi sé frelsi hennar til ferðalaga með barn sitt settar verulegar skorður, enda beri henni að fá samþykki stefnda vilji hún fara úr landi með barnið, sbr. 3. mgr. 28. gr. a. barnalaga. Stefnandi viti hins vegar ekkert um hagi stefnda og hvar hann sé niðurkominn, að öðru leyti en að hún telji að hann búi í Póllandi, né hafi hún nokkra leið til að hafa við hann samband. Þá hafi stefndi sjálfur ekki gert að því nokkurn reka að hafa samband við stefnanda, né tryggja að stefnandi hafi leiðir til samráðs við hann um málefni barnsins. Þá má einnig nefna að frá samvistarlitum aðila hefur stefndi aðeins í fimm skipti haft samband við dóttur sína, nú síðast um jólin 2020.

Ljóst er að tilraunir stefnanda til sátta við stefnda hafa engan árangur borið, og að enn sé ágreiningur með aðilum um forsjá barnsins. Því verði stefnandi að leita atbeina dómstóla, sbr. 1. mgr. 34. gr. barnalaga.

Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 2. mgr. 34. barnalaga beri dómara að láta hagsmuni barnsins ráða við ákvörðun um forsjá þess.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til ákvæða barnalaga nr. 76/2003, aðallega 28. gr., 28. gr. a og 34. gr. laganna. Um málshöfðunarheimild vísast til b-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna en til 37. gr. um varnarþing.

Krafa um málskostnað er byggð á 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnandi rekur ekki virðisaukaskattskylda starfsemi, sbr. lög nr. 50/1988, og er óskað eftir að tillit verði tekið til þess við ákvörðun málskostnaðar.

III. Sönnunargögn: Við þingfestingu mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

- Staðfesting sýslumannsins á Suðurnesjum á samkomulagi um umgengni, dags. 26. september 2019.
- Endurrit úr sífjamálabók sýslumanns vegna forsjár dags. 18. júní 2020.
- Vottorð um sáttameðferð dags. 26. nóvember 2020.
- Frávísun beiðni um staðfestingu á breyttri skipan forsjár, dags. 30. nóvember 2020.

Áskilinn er og réttur til að leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins og til að óska eftir því að aðilar og vitni gefi munnlegar skýrslur, eftir því sem ástæða er til og málsástæður stefnda gefa tilefni til.

Stefnufrestur er einn mánuður.

IV. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér Piotr Sebastian Trzcinski, kt. 200586-4769, til heimilis í Póllandi, til þess að mæta er mál þetta verður þingfest, 30. júní 2021 í dómsal 1, Dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á dómkröfur að hlýða og dóm að þola. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda má búast við að dómur verði lagður á málið í samræmi við kröfugerð stefnanda.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

(2021010968

Útgáfud.: 27. maí 2021

Stefna - til greiðslu skaðabóta

Margrét Emilía Kristjánsdóttir,
kt. 270354-2469,

Skriðustekk 23, Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Benedikt Kristinssyni, kt. 190887-2009, Þýskalandi til greiðslu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða stefnanda kr. 1.363.621 ásamt almennum skaðabótavöxtum skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 24. janúar 2016 til 24. mars 2020 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu, auk álags, er nemi virðisaukaskatti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Björgvin Þórðarson hrl., Bótarétti, Kringlunni 7, Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvar: Fyrirsvarsmaður stefnda, húsfélags Kríuhólum 2, er formaður húsfélagsins Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, kt. 221187-2969, Kríuhólum 2, Reykjavík.

Fyrirsvarsmaður stefnda, húsfélags Kríuhólum 4, er formaður húsfélagsins, Valgeir Ólafsson, kt. 310374-3429, Æsufelli 4, Reykjavík.

Húsfélag Kríuhóla 6 hefur ekki á að skipta stjórn og er því eigendum á þeim tíma sem slysið átt sér stað stefnt hverjum og einum.

Fyrirsvarmaður Ölmú K. ehf., er stjórnarmaður María Björk Einarsdóttir, kt. 051089-3919, Sólvallagötu 9, Reykjavík.

Fyrirsvarsmaður stefnda, Félagsbústaða hf., er stjórnarformaður, Haraldur Flosi Tryggvason, kt. 291166-4079, Hvassaleiti 99, Reykjavík.

Aðild: Slys stefnanda átti sér stað á bílplani við Kríuhóla 4 er tilheyrir sameiginlegri lóð Kríuhóla 2, 4 og 6. Lóðin skiptist í sex matshluta og er lóðin í óskiptri sameign allra matshluta sem tilheyrðu stefndu á slysadegi, þ.e. húsanna Kríuhólum 2, 4 og 6 og eigendum 18 bílskúra í bílahúsalengjum sem heyra til lóðarinnar. Í eignaskiptayfirlýsingu frá árinu 2008, dskj. nr. 14, kemur fram að skyldur og réttindi vegna lóðar fari eftir reiknuðum hlutfallstölum í lóð samkvæmt yfirlýsinguinni. Af þeim sökum er nauðsynlegt að beita samaðild skv. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem stefndu verða talin eiga óskipt réttindi og bera óskipta skyldu í skilningi framangreinds lagaákvæðis.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. verður dómsmál ekki höfðað í héraði gegn dánarbúi nema mælt sé fyrir um það í lögum eða um sakamál sé að ræða. Kröfu þessari er því ekki beint á hendur þáverandi eiganda fastanr. 2048991, þar sem framangreind eign var á slysadegi í eigu aðila sem nú hefur látist og dánarbúi tekið við réttindum og skyldum. Í tilvikum annarra dánarbúa, þ.e. þar sem einkaskiptum hefur verið lokið er erfingjum stefnt inn, þ.e. vegna fastanr. 2049033 sem og 2049015. Hvað síðari eignina varðar er aðeins stefnt erfingjum db. Guðmundar K. Steinbach þar eð ekki hefur enn verið lokið skiptum á db. Kamillu Guðbrandsdóttur, sbr. og 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Í eignaskiptayfirlýsingu frá 2008, dskj. nr. 14, kemur fram að hlutdeild Kríuhóla 6 í lóðinni hvar stefnandi slasaðist, sé 9,16%. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirsvarsmanni stefnda Kríuhólum 4, hefur ekki verið virkt húsfélag að Kríuhólum 6 í talsverðan tíma og er engin stjórn til staðar. Í ljósi þess er enginn í fyrirsvari fyrir framangreint húsfélag. Af þeim sökum er kröfu stefnanda beint að þáverandi eigendum fastanr. F2049023, F2049025, F2049026, F2049027, F2049028, F2049029, F2049030.

Málavextir: Þann 24. janúar 2016 um klukkan rúmlega 18 síðdegis var stefnandi að koma úr verslunarferð ásamt nágrannakonunni sinni og bílstjóra, Ásdísi Rúnólfsdóttur og dóttur hennar. Ásdís hleypti stefnanda og dóttur sinni út úr bílnum til þess að leggja honum í bílastæði fyrir fatlaða sem staðsett er fyrir utan inngang heimilis þeirra á þeim tíma að Kríuhólum 4. Stefnandi og dóttir Ásdísar stigu þá eitt skref

aftur á bak til þess að færa sig frá bílnum en féllu þá báðar um holu við holræsi (sigið malbik) fyrir aftan bílastæðið.

Stefnandi slasaðist við fallið en hún lenti á hægri hlið líkamans og leitaði hún upp á slysa- og bráðadeild Landspítalans, daginn eftir slys, sökum verkja á utanverðri mjöðm sem leiddu inn í nára og niður í fót. Stefnandi leitaði aftur upp á slyshadeild um hálfum mánuði síðar vegna verkjanna en í millitíðinni leitaði hún til gigtarlæknis sem reyndi að sprauta í svæðið sem engan árangur bar.

Í læknisvottorði Jóns Gunnars Hannessonar, dags. 7. apríl 2019, er því lýst hversu umfangsmiklar afleiðingar slysið hefur haft á stefnanda. Í vottorðinu kemur fram að stefnandi sé órugg við gang og hafi skerta göngugetu. Auk þess kemur fram að hún hefði þurft stuðning göngugrindar meira og minn frá slysinu í ársbyrjun 2016 en væri á þeim tíma sem vottorðið var skrifað bundin við hjólastól. Mjadmaskaðinn hafi leitt til þess að stefnandi sé byltugjarnari eftir slysið og hafi hún hlotið slæma áverka vegna þessa.

Stefnandi tilkynnti slysið í frítímatryggingu sína hjá Verði tryggingum hf. með tilkynningu þar um dags. 31. janúar 2017. Í samráði við tryggingafélagið var kallað eftir mati á afleiðingum slyssins og var Skúli Gunnarsson, læknir, fenginn til þess að meta afleiðingarnar og skilaði hann örkumatsgerð, dags. 11. febrúar 2020. Í niðurstöðukafla matsgerðarinnar kemur fram að í slysinu hafi stefnandi hlotið rof á sin miðþjóvöðva hægra megin og að hún búi nú við verki og máttaminnkun í hægri mjöðm, auk þess sem gönguþol hennar hafi skerast enn frekar og hún þurft að notast við hjálpartæki.

Helstu niðurstöður framangreindrar örkumatsgerðar voru þær að tímabundin örorka vegna slyss 24. janúar 2016 var engin en stefnandi hafði notið örkulífeyris um langan tíma. Varanleg læknisfræðileg örorka hennar var metin 12% (12 stiga miski). Stöðugleikatímamark vegna slyssins var sett á þremur mánuðum eftir slysadag, eða þann 24. apríl 2016. Samkvæmt ofangreindu hefur slysið haft alvarleg og veruleg áhrif á heilsu stefnanda.

Með kröfubréfi til stefnda, Húsfélags Kríuhólum 4, dags. 24. febrúar 2020, vegna sameiginlegrar lóðar Kríuhóla 2-6, var skaðabótakrafa stefnanda sett fram þar sem gerð var krafa á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, ásamt síðari breytingum. Gerð var krafa um greiðslu þjáningabóta, sbr. 3. gr. skbl., að fjárhæð kr. 181.090 og um greiðslu miskabóta, sbr. 4. gr. skbl., að fjárhæð kr. 1.191.420, samtals kr. 1.372.510. Ekki var gerð krafa um greiðslu varanlegrar örorku á grundvelli 5.-7. gr. skbl. í ljósi þess að stefnandi hefur verið á örkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins í áratugi. Örkumatsgerð Skúla Gunnarssonar, læknis, var lögð til grundvallar útreikningsins. Stefnda var gefinn mánaðarfrestur til að bregðast við kröfu stefnanda en engin svör bárust.

Eftir slys stefnanda var reynt að gera við holuna sem hún féll um en sökum veðurs var ekki komist í þær framkvæmdir strax. Þegar hlýna fór í veðri var fyllt upp í holuna til þess að koma í veg fyrir að frekari slys yrðu á fólki.

Afleiðingar þær sem stefnandi glímur við hafa verið umfangsmiklar fyrir stefnanda eins og rakið er í fyrirbyggjandi örkumatsgerð. Stefnandi telur að tjón hennar sé að rekja til aðstæðna sem stefndu bera ábyrgð á. Stefnandi er því tilneydd til þess að höfða mál á hendur stefndu til greiðslu skaðabóta vegna afleiðinga slyssins sem hún varð fyrir þann 24. janúar 2016 á bílplaninu við Kríuhóla 4.

Málsástæður: Í máli þessu er deilt um sök stefndu og hvort skaðabótaskylda hafi stofnast vegna aðstæðna á bílplaninu við Kríuhóla 4 er tilheyrir sameiginlegri lóð Kríuhóla 2, 4 og 6 og 18 bílskúra.

Stefnandi vísar fyrst og fremst til þeirrar meginreglu skaðabótaréttarins að tjónþoli eigi rétt á að fá fullar bætur fyrir tjón sem valdið er með bótaskyldri háttsemi en stefnandi býr nú við varanlegar afleiðingar vegna slyssins sem rekja má til bótaskyldrar háttsemi stefndu.

Skaðabótakröfu sína á hendur stefndu byggir stefnandi fyrst og fremst á því að stefndu beri ríka ábyrgð á aðstæðum sem til staðar séu á lóð í þeirra umsjá. Enn fremur hvílir rík skylda á stefndu sem viðhaldsaðila að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem leið sína eiga um lóðina. Aðstæður á lóðinni, einkum í kringum holræsið sem stefnandi datt um, voru til þess fallnar að valda slysaþættu líkt og raunin var í tilfelli stefnanda. Stefnandi telur því ljóst að ekki hafi verið uppfylltar þær lágmarkskröfur um öryggi og varnir sem gerðar eru í byggingarreglugerð gegn slysum á lóðum.

Líkt og fram hefur komið datt stefnandi um holu við holræsi fyrir aftan bílastæði sem ætlað er fyrir fatlaða. Í ljósi þess telur stefnandi að það megi gera enn ríkari kröfur á hendur stefndu að tryggja öryggi þeirra sem eiga leiðir sínar um slík svæði á lóð sem er í þeirra umsjón. Auk þess kemur fram í 6.2.6. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 að leið frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngangi byggingar skuli vera hindrunarlaus. Stefnandi telur því ljóst að aðstæður á bílplaninu hafi í engu uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru í framangreindri reglugerð sem og eldri reglugerðum.

Af dómaframkvæmd verður ráðið að lagaðar eru ríkar skyldur á stefndu sem viðhaldsaðila lóðarinnar til þess að gera ráðstafanir sem sanngjarnar eru til þess að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. Í ljósi þess telur stefnandi að ætla megi að sú skylda hvíli á stefndu að vekja athygli vegfarenda á því ef einhver hætta stafar af aðstæðum á lóðinni. Engar merkingar eða einfaldar afmarkanir var að finna í kringum holræsið sem vöruðu við holunni eða hindruðu það að stefnandi félli. Auðvelt hefði verið að grípa til slíkra ráðstafana. Í ljósi þess telur stefnandi að stefndu hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að haga aðbúnaði á lóðinni með forsvaranlegum hætti þannig að engin hætta stafaði að.

Stefnandi telur jafnframt að stefndu hafi með athafnaleysi sínu ekki sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla samkvæmt lögum nr. 26/1994 um fjöleignahús. Að sögn stefnanda var stefndu kunnugt um holuna á bílplaninu en sinntu engu að síður ekki viðhaldsskyldu sem á þeim hvíldi samkvæmt fyrrgreindum lögum fyrr en eftir slys stefnanda. Stefnandi telur því jafnframt að slys hennar megi rekja til aðstæðna sem stefndu báru ábyrgð á samkvæmt lögum nr. 26/1994 um

fjöleignahús, sbr. og sérstaklega 52. gr., sbr. 3. tl. 1. mgr. 43. og 44. gr. þeirra laga.

Með vísan til ofangreinds telur stefnandi að stefndu hafi valdið henni tjóni, með saknæmum og ólögætum hætti, og að tjónið sé þannig sennileg afleiðing athafnaleysis stefndu þar sem viðhaldsskyldu hafi ekki verið sinnt.

Kröfufjárhæð: Örorkumatsgerð Skúla Gunnarssonar, læknis, er lögð til grundvallar útreiknings á skaðabótakröfu stefnanda og nemur upphafleg krafa vegna þjáningabóta og varanlegs miska því kr. 1.372.510, þ.e. þjáningabætur, sbr. 3. gr. skbl., kr. 181.090 (kr. 1.990 x 91) sem miðast við að heilsufar stefnanda var talið orðið stöðugt þremur mánuðum eftir slysdaginn og varanlegur miski, sbr. 4. gr. skbl., kr. 1.191.420 (kr. 9.928.500 x 12%). Stefnandi var sjálf eigandi íbúðar að Kríuhólum 4, fastanr. 204-8977, sem og bílskúrs á lóðinni, nr. 05-0103, þegar slysið átti sér stað. Stefnufjárhæð, kr. 1.363.621 miðast við niðurstöður framangreindrar matsgerðar að frádregnum fjárhæðum sem svara til eignahlutfalls stefnanda í lóðinni. Stefnandi var eigandi íbúðar að Kríuhólum 4, en hlutdeild Húsfélagsins Kríuhólum 4 í lóðinni nemur 42,76% og nemur hlutdeild stefnanda 0,93% af hlutdeild húsfélagsins, eða kr. 5.458 af 1.372.510. Stefnandi var jafnframt eigandi bílskúrs, nr. 05-0103, á lóðinni á þeim tíma er slysið átti sér stað og var hlutdeild bílskúrsins í lóðinni 0,25% eða kr. 3.431 af 1.372.510.

Stefnufjárhæðin er því að fjárhæð kr. 1.363.621 (1.372.510 – 5.458 – 3.431).

Almennra skaðabótavaxta skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er krafist frá tjónsdegi en dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu mánuði eftir framsetningu kröfubréfs, þ.e. 24. mars 2020, sbr. 9. gr. laganna.

Mótmæli stefndu efnilegri niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar, áskilur stefnandi sér rétt til þess að dómkveðja matsmenn undir rekstri dómsmálsins.

Lagarök: Stefnandi reistir kröfu sína á því að stefndu hafi með athafnaleysi sínu valdið henni líkamstjóni. Stefnandi byggir fyrst og fremst á sakarreglunni. Einnig er vísað til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 3. og 4. gr. laganna. Þá er jafnframt vísað til laga nr. 26/1994 um fjöleignahús, einkum 6., 7., 8., 15., 43., 44., 52., 57., 69. og 70. gr. laganna.

Um almenna skaðabótavexti af fjárkröfunni vísast til 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og um kröfu um dráttarvexti vísast til 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Um varnarþing vísast til 1. mgr. 34. gr. og 41. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Um aðild vísast til 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Um málskostnað vísast til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988 um

virðisaukaskatt. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Um lagarök vísast að öðru leyti til kaflans um málsástæður hér að framan.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

Stefnu þessa.

Skrá.

Matsgerð Jónas Hallgrímssonar og Atla Þórs Ólasonar dags. 13. október 1994, vegna slyss stefnanda dags. 2. nóvember 1992.

Örorkumat lífeyristrygginga Tryggingastofnunar Ríkisins, dags. 13. september 2000.

Matsgerð Sigurðar Thorlacius og Hannesar Inga Guðmundssonar dags. 3. desember 2014, vegna slyss stefnanda dags. 3. júní 2009.

Bráðamóttökuskra, dags. 25. janúar 2016.

Bráðamóttökuskra, dags. 4. apríl 2016.

Niðurstöður rannsóknar, dags. 11. apríl 2016.

Tjónstilkynning til Varðar trygginga hf., dags. 31. janúar 2017.

Tvær ljósmyndir af holræsinu sem stefnandi datt um, ódagsett.

Læknisvottorð Jóns Gunnars Hannessonar, dags. 7. apríl 2019.

Matsgerð Skúla Gunnarssonar læknis, dags. 11. febrúar 2020.

Bréf undirritaðs til formanns stefnda, húsfélags Kríuhólum 4, dags. 24. febrúar 2020.

Eignaskiptayfirlýsing 2008.

Viðauki við eignaskiptayfirlýsingu, dags. október 2016.

Aðalfundargerð stefnda, húsfélagsins Kríuhóla 4, dags. 26. febrúar 2020.

Tölvupóstsamskipti undirritaðs við starfsmann Eignaumsjónar sem aðstoðar við rekstur stefndu, þ.e. húsfélaganna Kríuhóla 2, Kríuhóla 4 og Kríuhóla 6.

Gjafsóknarleyfi, dags. 26. maí 2020.

Veðbókavottorð vegna Kríuhóla 2, 4 og 6.

Tölvupóstsamskipti við fulltrúa sýslumanns vegna fyrrverandi eigenda að Kríuhólum 2, 4 og 6, dags. 28. október 2020 og 11. janúar 2021.

Yfirlit yfir framvindu skipta samkvæmt dánarskrá sýslumanns vegna fastanr. 2049033, 2049015 og 2048991.

Beiðni um upplýsingar hjá þjóðskrá (Meldeauskunft) í Berlín, dags. 24. febrúar 2021.

Staðfesting á greiðslu vegna upplýsingaröflunar hjá þjóðskrá (Meldeauskunft) í Berlín, dags. 24. febrúar 2021.

Samskipti við þjóðskrá (Meldeauskunft) í Berlín, tímabil 24. febrúar 2021 - 8. mars 2021.

Skýrslutökur fyrir dómi: Stefnandi mun gefa aðilaskýrslu. Stefnandi áskilur sér annars rétt til þess að leiða fleiri vitni þegar ljóst er á hverju varnir stefndu byggjast.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Benedikt Kristinssyni, kt. 190887-2009, Þýskalandi, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 101 í dómshúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 29. júní 2021, kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, til sakar að

svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Reykjavík, 22. mars 2021.

Björgvin Þórðarson hrl.

(2021011223)

Útgáfud.: 28. maí 2021

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

**Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,
Kristinn Halldórsson,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Birna Ketilsdóttir lögmaður, LMG slf., Garðastræti 37, Reykjavík, að hún þurfi f.h. Jóhanns Bragasonar, kt. 300467-5209, Lyngdal 2, 190 Vogar, að höfða mál til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefndandi krefst þess að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið 20. desember 2008, útgefið af Bjarneyju Grendal Jóhannesdóttur, kt. 180680-3229, til handhafa og þinglýst á hesthús nr. 207 við Hlíðarþúfur í Hafnarfirði, fnr. F207-6707, með þinglýsingarnúmerinu 436 -X-000925/2009, upphaflega að fjárhæð kr. 6.000.000.

Málflutningsumboð: Birna Ketilsdóttir lögmaður, kveðst reka þetta mál fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik máls: Veðskuldabréfið sem um ræðir, nú áhvílandi á 1. veðrétt framangreindrar eignar, var útgefið í Hafnarfirði þann 20. desember 2008 af Bjarneyju Grendal Jóhannesdóttur, til handhafa, upphaflega að fjárhæð 6.000.000 kr., tryggt með öðrum veðrétti í hesthúsi að Hlíðarþúfum 200 í Hafnarfirði, F207-6707, merking 04 0107, ásamt lóðarréttindum.

Stefndandi kveður málsatvik vera þau helst, að með kaupsamningi dags. 26. október 2016, hafi stefndandi keypt hesthús við Hlíðarþúfur í Hafnarfirði, fnr. F207-6707. Þegar stefndandi keypti fasteignina hvíldi framangreint veðskuldabréf á eigninni en seljandi lofaði að aflétta því. Nýlega tók stefndandi þá ákvörðun að selja umrædda fasteign en komst þá að því að veðinu, samkvæmt veðskuldabréfi því sem krafist er ógildingar á, hafði aldrei verið aflýst og hvílir nú á 1. veðrétti fasteignarinnar.

Þegar stefndandi hafði samband við útgefanda veðskuldabréfsins, Bjarneyju Grendal Jóhannesdóttur, sem seldi stefnanda fasteignina, upplýsti hún að frumrit veðskuldabréfsins væri glatað en að það væri að fullu uppgreitt. Þá liggur fyrir yfirlýsing útgefanda veðskuldabréfsins þess efnis, sbr. dskj. nr. 5.

Þar sem veðskuldabréfinu hefur ekki verið aflýst þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir stefnanda þar um, telur stefndandi nauðsynlegt að höfða ógildingarmál þetta til að fá bréfið ógilt með dómi, til að aflýsa megi skuldabréfinu af eigninni. Afrit af umræddu veðskuldabréfi liggur fyrir og verður lagt fram við þingfestingu stefnu þessarar.

Lagarök: Stefndandi kveðst vísa til XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 120. og 121. gr.

laganna, varðandi varnarþing í þessu máli og heimild til útgáfu ógildingarstefnunnar, svo og c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga um birtingu.

Sönnunargögn: Stefndandi mun leggja fram eftirtalin sönnunargögn við þingfestingu málsins:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Veðbandayfirlit, dags. 3. maí 2021, varðandi fasteign með fastanúmerið F2047-6707.
4. Afrit af veðskuldabréfi dags. 20. desember 2008.
5. Yfirlýsing útgefanda veðskuldabréfsins, dags. 12. maí 2021.
6. Staðfesting á stefnubirtingunni í Lögbirtingablaðinu.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar fyrir því, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal 1 í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 30. júní, kl. 9.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Hafnarfirði, 21. maí 2021.

F. h. Héraðsdóms Reykjaness,

Kristinn Halldórsson dómstjóri.

(2021011281)

Útgáfud.: 28. maí 2021

Réttarstefna

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir,
dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,**

gjörir kunnugt: Að henni hefur tjáð Unnur Ásta Bergsteinsdóttir hdl., MAGNA Lögmenn, Höfðabakka 9, Reykjavík, að hún þurfi f.h. Giedré Zamulskyte, kt. 040682-4819, Miðtúni 48, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Zenonas Gilaitis, kt. 120379-4889, staðsetning ókunn, til staðfestingar á kyrrsetningu og til greiðslu fjárkröfu stefnanda á hendur stefnda, svo sem nánar verður gerð grein fyrir í stefnunni.

I Dómkröfur:

Stefndandi kveður dómkröfur sínar vera svofelldar:

1. Að stefndi greiði stefnanda kr. 5.026.488, ásamt dráttarvöxtum af kr. 3.621.135 samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 1. nóvember 2020 til greiðsludags.
2. Að staðfest verði með dómi kyrrsetningargerð, sem fram fór hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, hinn 19. maí 2021, í málinu nr. 2021-011387, þar sem sýslumaður kyrrsetti fyrir rétti stefnda til greiðslu skv. lið 2. og 3 í kaupsamningi, dags. 30. apríl 2021, með

skjalnr. B-3442/2021, á milli stefnda sem seljanda og kaupandans Hlíð 50 ehf., kt. 630421-1520.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati dómsins. Áskilnaður er um að krefjast málskostnaðar eins og málið sé eigi gjafsóknarmál, ef stefnandi fær gjafsókn í málinu.

2. Málflutningsumboð:

Unnur Ásta Bergsteinsdóttir hdl., MAGNA Lögmenn, Höfðabakka 9, Reykjavík, kveðst reka mál þetta fyrir hönd stefnanda.

3. Málavextir og önnur atvik máls:

Stefnandi lýsir málavöxtum með svofelldum hætti:

a. Forsaga og tilefni málhöfðunar:

Stefnandi og stefndi gengu í hjónaband hinn 4. júlí 2008 og eiga saman tvo syni undir 18 ára aldri. Þau slitu samvistum hinn 15. mars 2020 og tók sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kröfu stefnanda um lögskilnað til greina hinn 7. október 2020. Í kjölfarið var leyfi til lögskilnaðar gefið út, sbr. dskj. 4.

Við skilnaðinn gerðu stefnandi og stefndi samning sín á milli um fjárskipti og tilhögun á forsjá, lögheimili, umgengni og meðlagsgreiðslum með börnum þeirra, sbr. dskj. 3. Í samningnum er kveðið á um að stefnandi fari ein með forsjá beggja barnanna og er lögheimili þeirra einnig hjá henni. Umgengni barnanna við stefnda var ákveðin aðra hvora helgi. Börnin hafa þó ekki farið í umgengni til stefnda síðan í byrjun nóvember 2020, þrátt fyrir að stefnandi hafi hvatt til þess að hún færi fram. Stefnandi hefur fengið greitt einfalt meðlag frá Tryggingastofnun.

Í samningi aðila var einnig samið um skiptingu eigna og skulda og er það sá þáttur samningsins sem stefnandi krefst fullra efnda á í máli þessu. Samkvæmt samningnum fékk stefnandi í sinn hlut fasteignina að Miðtúni 48, Reykjavík, gegn því að taka yfir áhvilandi lán sem hvíla á fasteigninni.

Í hlut stefnda kom sumarbústaður að Hlíð 50 í Kjós, gegn greiðslu tiltekinnar fjárhæðar til stefnanda. Greiðslan skyldi nema helmingi af verðmæti sumarbústaðarins samkvæmt verðmati löggilts fasteignasala, að frádregnum helmingi af nettó eign aðila í fasteigninni að Miðtúni 48, Reykjavík. Á sumarbústaðnum hvíla engin veðbönd.

Til þess að ganga frá uppgjöri milli aðila sömdu þeir um að afla verðmats á sumarbústaðnum frá löggiltum fasteignasala, eigi síðar en 15. september 2020. Stefndi hefur verið búsettur í sumarbústaðnum frá því aðilar slitu samvistum og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnanda til þess að fá hann til þess að afla verðmats á sumarbústaðinn lét hann ávallt hjá líða að gera það. Stefnandi hefur ekki aðgang að sumarbústaðnum og því stóð það stefnda nær að afla verðmatsins. Þar sem stefndi brást ekki við sá stefnandi sér ekki aðrar leiðir færar en að afla verðmatsins einhliða og á sinn kostnað. Verðmatið var sett fram með þeim fyrirvara að fasteignasalinn gat ekki skoðað eignina. Við öflun verðmats varð lögmanni stefnanda fyrir tilviljun kunnugt um að stefndi hafði selt eignina að Hlíð 50 skömmu áður fyrir 16.500.000 kr. Stefndi hafði ekki fyrir því að láta stefnanda vita af þeim áformum og hefur ekki hlutast til um að greiða stefnanda eignarhlut hennar í

sumarbústaðnum. Eftir frekari samskipti við fasteignasöluna sem sá um sölu sumarbústaðarins kom í ljós að endanlegt söluverð eignarinnar var 14.500.000 kr.

Að mati stefnanda er ljóst að stefndi hafði ekki heimild til þess að selja sumarbústaðinn, þar sem hann hafði ekki fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningi aðila. Nánar tiltekið er ljóst að samningur aðila um skiptingu eigna vegna skilnaðarins kvað á um að sumarbústaðurinn kæmi í hlut stefnda gegn greiðslu tiltekinnar fjárhæðar. Þar sem stefnandi hefur ekki móttekið neinar greiðslur hafði stefndi ekki rétt til að selja sumarbústaðinn án aðkomu stefnanda. Stefnandi gerði kröfu um að hlutaðeigandi fasteignasala héldi eftir hluta af þeim fjármunum sem koma myndu sem greiðsla vegna sölu sumarbústaðarins, sbr. dskj. 5. Þá sendi stefnandi einnig enn á ný bréf til stefnda þar sem efnda var krafist samkvæmt samningi aðila, sbr. dskj. 6. Var stefndi þá jafnframt upplýstur um að stefnandi krefðist hlutdeildar í söluhagnaði sumarbústaðarins og að viðeigandi fasteignasölu hefði verið gert viðvart um rétt stefnanda þar að lútandi.

Stefnandi taldi nauðsynlegt að leita til fasteignasölnnar þar sem stefnandi hafði fengið upplýsingar um að stefndi hygðist flytjast úr landi og því verulegar líkur á að fjármunir þeir sem stefndi myndi fá vegna sölu sumarbústaðarins yrðu ekki til staðar síðar. Fasteignasalan taldi sér þó ekki heimilt að fallast á kröfur stefnanda, sbr. dskj. 5.

Sem fyrr varð stefndi ekki við áskorun stefnanda um efndir samkomulagsins um skilnaðarkjör. Skömmu eftir sölu sumarbústaðarins fjarlægði stefndi lögheimili sitt úr Þjóðskrá og er dvalarstaður hans nú ókunnur. Þá hafði stefndi nokkru áður auglýst bifreið sína til sölu á vefsíðunni bland.is. Studdi það enn frekar grun stefnanda um að stefndi hygðist flytjast úr landi og til heimalands síns, Litháen.

Í ljósi athafna stefnda hafði stefnandi þann kost einn nauðugan að leggja fram kyrrsetningarbeiðni hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og fara fram á að kyrrsettar yrðu svo mikið af eignum stefnda að nægi til tryggingar fullnustu þeirra kröfu sem stefnandi á á hendur stefnda samkvæmt samningi þeirra. Slík beiðni var lögð fram hinn 12. maí 2021. Sýslumaður gerði þá kröfu um að stefnandi legði fram tryggingu til bráðabirgða að fjárhæð kr. 1.500.000. Í fyrstu sá stefnandi sér ekki fært að útvega slíka fjárhæð í peningum og stóð því til að afturkalla kyrrsetningarbeiðnina, en með aðstoð velunnara tókst stefnanda að útvega trygginguna. Krafa stefnanda var samþykkt hinn 19. maí 2021. Í kjölfarið var hlutaðeigandi fasteignasölu tilkynnt um gerð sýslumanns sem sá um að koma upplýsingunum áleiðis til stefnda og kaupanda fasteignarinnar, sbr. dskj. 11-12.

Rétt er að geta þess að stefnandi starfar við velferðarþjónustu hjá Reykjavíkurborg, nánar tiltekið í búsetukjarna að Þórðarsveig í Reykjavík. Hefur hún undanfarið lagt á sig að starfa mun meira en í 100% starfi til þess að reyna að ná endum saman. Hefur hún þannig tekið að sér auka vaktir á kvöldin og um helgar til þess að hafa tök á að framfæra sér og börnunum. Fjárhagsleg staða stefnanda er slæm og mun hún ekki lagast nema skilnaðarsamningur hennar og fyrrum eiginmanns verði efndur.

Með vísan til framangreinds er ljóst að stefnandi á ekki annan kost en að höfða dómsmál þetta til þess að knýja fram efndir stefnda samkvæmt skilnaðarsamningi þeirra og til staðfestingar á kyrrsetningu eigna stefnda.

b. Nánar um skiptingu eigna samkvæmt samningi aðila.

Fasteign og sumarbústaður.

Líkt og að framan greinir fékk stefnandi í sinn hlut samkvæmt samningi aðila um skilnaðarkjör, fasteignina að Miðtúni 48, Reykjavík, gegn því að taka yfir áhvílandi lán sem hvíla á fasteigninni. Í hlut stefnda kom sumarbústaður að Hlíð 50 í Kjós, gegn greiðslu tiltekinnar fjárhæðar til stefnanda. Greiðslan skyldi nema helmingi af verðmæti sumarbústaðarins samkvæmt verðmæti löggilts fasteignasala, að frádregnum helmingi af nettó eign aðila í fasteigninni að Miðtúni 48, Reykjavík. Á sumarbústaðnum hvíla engin veðbönd.

Þá segir í samningnum að uppgjör milli aðila skyldi taka mið af verðmæti sumarbústaðarins, þannig að aðilar fengju í sinn hlut hvort helming af verðmæti sumarbústaðarins og helming af nettóeign í fasteigninni að Miðtúni 48, sbr. dskj. 3. Nánar tiltekið skuldbatt stefndi sig til þess að greiða stefnanda helming af verðmæti sumarbústaðarins, að frádregnum helming af nettó andvirði fasteignarinnar að Miðtúni 48. Skyldi sumarbústaðurinn koma í hlut stefnda gegn framangreindri greiðslu. Var samið um að stefndi greiddi stefnanda framangreinda fjárhæð eigi síðar en 1. nóvember 2020. Ef þurfa þykir skuldbatt stefndi sig jafnframt til þess að taka lán í þeim tilgangi að greiða umsækjanda, sbr. framangreint. Áttu aðilar því að fá jafnan hlut eigna búsins í sinn hlut við skilnaðinn.

Kostnaður vegna lögmannsþjónustu.

Þá var samið um að aðilar myndu skipta til jafns með sér kostnaði vegna lögmannsþjónustu við gerð skilnaðarsamnings en hann hefur fallið að öllu leyti á stefnanda. Í samningnum er tilgreint að reikningur yrði gefinn út í nafni stefnanda en hún ætti endurkröfu á hendur stefnda sem nemur helmingi kostnaðar. Þessi þáttur á samkvæmt samningi að vera hluti af uppgjöri aðila eftir að verðmat sumarbústaðar lægi fyrir og uppgjör færi fram. Stefnandi hefur ekki fengið greitt úr hendi stefnda vegna lögmannsþjónustu og uppgjör ekki farið fram milli aðila til samræmis við samninginn. Samkvæmt samningi aðila átti uppgjör að fara fram eigi síðar en hinn 1. nóvember 2020 og er það því jafnframt gjalddagi kröfu stefnanda um greiðslu úr hendi stefnda vegna lögmannsþjónustu.

Krafa um endurgreiðslu kostnaðar vegna rekstrarkostnaðar fasteignarinnar að Miðtúni.

Í samningi segir að aðilar hafi verið sammála um að frá því að stefndi flutti af heimili þeirra, hinn 15. mars 2020, hafi stefnandi ein staðið undir greiðslu kostnaðar vegna fasteignarinnar að Miðtúni 48. Í ljósi þess skuldbatt stefndi sig einnig til þess að greiða til stefnanda fjárhæð sem nemur helming af þeim kostnaði sem þegar hefur fallið til vegna fasteignarinnar að Miðtúni 48, talið frá 15. mars 2020 og þar til uppgjör á milli aðila hefur farið fram.

c. Áskoranir um efndir samnings.

Stefnandi hefur ítrekað krafist þess að stefndi efni skilnaðarsamning þeirra. Í fyrstu átti stefnandi sjálf í samskiptum við hann í því skyni en þar sem það bar engan árangur leitaði hún til lögmanns. Með bréfi dags. 18. nóvember 2020, sbr. dskj. 7, var því beint til stefnda að efna skilnaðarsamning aðila, m.a. með því að afla verðmats á fasteignina að Hlíð 50, Kjósarhreppi, svo unnt væri að ganga frá uppgjöri milli aðila samkvæmt samningnum.

Framangreindar kröfur voru ítrekaðar með bréfi dags. 8. desember 2020, sbr. dskj. 8. Lögmanni stefnanda bærust loks viðbrögð frá lögmanni stefnda hinn 11. janúar 2021, þar sem hann kvaðst mundu fara yfir málið. Lögmáður stefnanda átti í einhverjum samskiptum við lögmanninn í framhaldinu, m.a. með símtölum og tölvupóstum, sbr. dskj. 9, en báru þau engan árangur, enda var kröfum stefnanda aldrei beinlínis svarað, auk þess sem erfitt var að ná í lögmann stefnda símleiðis. Þá hefur enn ekkert verið aðhafst af hálfu stefnda í því skyni að efna samninginn, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þess efnis. Í framhaldinu var send gjafsóknarbeiðni til gjafsóknarnefndar f.h. stefnanda, þar sem stefnandi sá ekki annan kost en að leita réttar síns fyrir dómstólum. Er beiðnin enn til meðferðar hjá gjafsóknarnefnd.

Líkt og að framan greinir komst stefnandi svo að því fyrir tilviljun að stefndi hafði gert kaupsamning um sölu sumarbústaðarins að Hlíð 50, Kjós. Í framhaldinu gerði stefnandi enn á ný kröfu til stefnda að hann efndi skyldur sínar samkvæmt samningnum, auk þess sem viðkomandi fasteignasala var upplýst um rétt stefnanda, sbr. dskj. 6 og 5. Þar sem stefndi brást enn á ný ekki við kröfubréfi stefnanda leitaði stefnandi til sýslumanns og krafðist kyrrsetningar líkt og greint er frá að framan.

3. Málsástæður og lagarök:

Stefnandi kveðst styðja kröfur sínar eftirfarandi málsástæðum og lagarökum:

a. Málsástæður:

Krafa um greiðslu vegna vanefnda á samningi aðila.

Stefnandi byggir kröfu sína um greiðslu á kr. 5.026.448, úr hendi stefnda vegna vanefnda á samningi aðila um skilnaðarkjör á meginreglunni um skuldbindingargildi samninga og meginreglu kröfuréttar um fullar og réttar efndir kröfu.

Um er að ræða tvær grundvallarreglur, þ.e. að samningar skulu standa (l. pacta sunt servanda) og rétt til þess að fá efndir kröfu sinnar í samræmi við aðalefni samnings, þ.e. efndir in natura. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða kröfu til greiðslu peninga, afhendingu tiltekna hlutar eða að skuldari láti hjá líða að framkvæma tilteknar athafnir eða látið hjá líða að viðhafa tiltekna athöfn, t.d. í samræmi við ákvæði samnings.

Samningur aðila um fjárskipti vegna skilnaðar var undirritaður af beggja hálfu, vottaður og staðfestur af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, sbr. dskj. 3. Er þannig enginn vafi um að efna ber samninginn. Í umræddum samningi var mælt fyrir um gagnkvæmar skyldur og að hvor

aðili fyrir sig skyldi efna samninginn í samræmi við efni hans. Hvor aðili um sig skuldbatt sig til að gera ekki kröfur á hendur hinu umfram það sem í samningnum greindi. Samþykktu báðir aðilar með undirritun sinni að gangast undir samninginn og skuldbinda sig til að fara eftir honum í hvívetna. Jafnframt staðfestu þeir með undirritun sinni að þeir höfðu lesið og kynnt sér efni samningsins rækilega í heild sinni og óskuðu staðfestingar sýslumanns.

Stefndi hefur ekkert aðhafst í því skyni að efna samninginn fyrir sitt leyti, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þess efnis af hálfu stefnanda. Stefndi hefur ekki hlutast til um að afla verðmats á sumarbústaðnum að Hlíð 50 í Kjós, né greitt stefnanda samkvæmt samningi þeirra. Í því sambandi skal áréttað að stefndi hefur verið búsettur í sumarbústaðnum og einn haft aðgang að honum frá því að samvistarslit urðu. Hefur stefnandi því ekki einhliða getað aflað verðmats löggilts fasteignasala, þar sem það krefst skoðunar fasteignasala á fasteigninni. Hún gerði þó tilraun til þess að fá slíkt verðmat löggilts fasteignasala sem til stóð að væri með fyrirvara um að viðkomandi fasteignasali hefði ekki skoðað eignina. Þá komst stefnandi hins vegar að því, eins og fyrr segir, að stefndi hafði selt sumarbústaðinn án hennar aðkomu. Hefur stefndi ekki heldur greitt stefnanda neina greiðslu, þrátt fyrir skyldu til þess samkvæmt samningi aðila. Auk framangreinds hefur stefndi ekki greitt stefnanda hluta af rekstrarkostnaði fasteignarinnar að Miðtúni 48, né helming af kostnaði vegna lögfræðisþjónustu, líkt og aðilar sömdu um.

Stefndi hefur þannig vanefnt samningsskyldur sínar verulega gagnvart stefnanda sem hefur eðli málsins samkvæmt komið sér afar illa fyrir stefnanda, sem vart nær endum saman, og ekki síður illa fyrir börn hans sem óhjákvæmilega þurfa að líða fyrir þá erfiðu stöðu sem stefnandi er í vegna vanefnda stefnda.

Tekið skal fram að kröfu um efndir samningsins hefur ekki verið mótmælt og er þannig í raun um að ræða óumdeilda kröfu, enda liggur fyrir skýr samningur, undirritaður af báðum aðilum og staðfestur af hálfu embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur stefndi virt og viðurkennt gildi samkomulagsins eftir eigin hentugleika en vísitandi ákveðið að standa ekki við þann hluta samkomulagsins að því er varðar skuld hans til fyrrum eiginkonu sinnar. Nánar tiltekið er ljóst að stefndi hefur viðurkennt gildi samningsins með því að selja sumarbústaðinn upp á sitt einsdæmi, enda verður ekki betur séð en að hann hafi talið sér það heimilt í ljósi þess að sumarbústaðurinn kom í hans hlut samkvæmt samningi aðila. Getur stefndi því ekki borið fyrir sig ógildingu samningsins, þar sem hann hefur fylgt honum eftir eigin hentugleika. Stefndi hefur hins vegar vanefnt skyldur sínar verulega samkvæmt samningi líkt og rakið er að framan og ber því að fallast á kröfur stefnanda í máli þessu.

Ef stefnandi léti hjá líða að höfða umrætt dómsmál er óvíst hvort samningurinn verði nokkurn tímann efndur og þannig yrði hún af mjög miklum fjármunum sem ljóst er að myndu hafa afar slæm áhrif á fjárhagsstöðu hennar til frambúðar. Það er algjör forsenda þess að hún hafi tök á að halda húsnæði sínu og framfæra sér og börnunum að þessi samningur verði réttilega efndur.

Þá er alveg ljóst með vísan til málsatvika að sjónarmið um tómlæti eiga ekki við. Stefndi hefur ítrekað beðið stefnda

um að efna samninginn og þurfti að endingu að leita aðstoðar lögmanns í þeim efnum. Lögmaður stefnanda hefur sent innheimtubréf og ítrekað kröfur hennar með tölvuskeytum til stefnda og síðar lögmanns stefnda, þar sem kröfur stefnanda hafa komið skýrt fram. Kröfum stefnanda hefur ekki verið mótmælt en ekki hefur verið brugðist við af hálfu stefnda og hefur hann því vanefnt skyldur sínar verulega gagnvart stefnanda samkvæmt samningnum.

Nánari skýring og sundurliðun kröfugerðar:

Framangreind krafa stefnanda um greiðslu á kr. 5.026.448, ásamt dráttarvöxtum af kr. 3.621.135 samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 1. nóvember 2020 til greiðsludags, er byggð á þremur nánar tilgreindum þáttum.

Í fyrsta lagi byggir krafan á því að samkvæmt samningi aðila á stefnandi rétt til helmings af söluandvirði sumarbústaðarins við Hlíð 50 í Kjós, að frádregnum helmingi af nettó söluverði fasteignarinnar að Miðtúni 48. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum var söluverð sumarbústaðarins kr. 14.500.000. Helmingur þeirrar fjárhæðar er kr. 7.250.000. Sú fjárhæð að frádregnum helmingi nettóeignarhluta í fasteigninni að Miðtúni 48 er kr. 3.493.207 og er það krafan sem stefnandi á á hendur stefnda vegna sumarbústaðarins, en við það bætast dráttarvextir frá 1. nóvember 2020, þar sem stefnda bar að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð í síðasta lagi þann dag. Þessi krafa á sér beina stoð í IV. kafla samnings aðila, sbr. dskj. 3.

Í öðru lagi á stefnandi rétt til greiðslu kr. 127.928 vegna lögmannsþjónustu aðila við gerð skilnaðarsamnings, auk dráttarvaxta frá 1. nóvember 2020. Stefndi skuldbatt sig til þess að greiða stefnanda helmings kostnaðar við lögmannsþjónustu í V. kafla samnings aðila um skilnaðarkjör, sbr. dskj. 3 og 14.

Í þriðja lagi á stefnandi rétt á greiðslu kr. 1.405.313 vegna rekstrarkostnaðar fasteignarinnar að Miðtúni 48, frá 15. mars 2020 til 1. maí 2021. Vísast til V. kafla samnings aðila um þessa kröfu, sbr. dskj. 3.

Dráttarvaxta er krafist af fjárhæð kr. 3.621.135 frá 1. nóvember 2020, þar sem gjalddagi greiðslu vegna helmings af verðmæti sumarbústaðarins að frádregnum helmingi á nettó eignarhluta fasteignarinnar að Miðtúni 48 var þann dag. Þann dag átti stefndi einnig að greiða stefnanda kr. 127.928 vegna lögmannsþjónustu. Ekki er krafist dráttarvaxta af kröfu vegna rekstrarkostnaðar fasteignarinnar að Miðtúni 48, þar sem sá kostnaður nær til uppgjörsdags og vísast til 2. málsgreinar í V. kafla samnings aðila, sbr. dskj. 3.

Með vísan til framangreinds og til frekari skýringar sundurliðast krafa stefnanda á eftirfarandi hátt:

Sundurliðun kröfu	Heild kr.	Skuld stefnda kr.
Verðmæti Hlíðar 50	14.500.000	7.250.000
Nettó eign í Miðtúni 48	7.513.586	- 3.756.793
Stefndi skuldar stefnanda		
1.v/mismunar skv. samningi		3.493.207

2	Rekstrarkostnaður fasteignar að Miðtúni 48 (15.3.20-5.5.21)	2.810.626	1.405.313
3	Lögmanskostnaður vegna skilnaðarsamnings <i>Samtals krafa:</i>	255.855	127.928 5.026.448

Krafa um staðfestingu kyrrsetningar:

Svo sem ítarlega hefur verið rakið telur stefnandi engum vafa undirorpið að hún á rétt til greiðslu peninga að fjárhæð kr. 5.026.448. Krafan byggir á ótvíræðum samningi aðila um skilnaðarkjör. Þar sem stefndi hefur í engu sinnt kröfu stefnanda um greiðslu kröfunnar var stefnanda ein sá kostur nauðugur að krefjast kyrrsetningar á greiðslum sem stefndi átti rétt til samkvæmt kaupsamningi um sumarbústaðinn að Hlíð 50 í Kjósarhreppi, sbr. dskj. 19.

Stefnandi óttast það mjög að engar eignir verði til staðar til þess að fullnusta þeim kröfum sem hún á sannarlega á hendur stefnda. Sá ótti er m.a. byggður á fyrri hegðun stefnda, en hann hefur algjörlega hlaupið undan skyldum sínum samkvæmt samningi aðila og ekki aðhafst neitt í því skyni að efna samninginn gagnvart stefnanda. Hann hefur ekki svarað bréfum lögmanns þar sem kröfur um efndir samnings voru hafðar uppi eða lagt nokkuð að mörkum til þess að ganga frá uppgjöri aðila samkvæmt samningi þeirra. Þá hefur hann ekki verið í neinu sambandi við stefnanda né börn þeirra svo mörgum mánuðum skipti, þrátt fyrir að í gildi sé samningur sem kveður á um umgengni hans við börnin. Hegðun hans gefur til kynna algjört skeytingarleysi gagnvart kröfum stefnanda og verður því miður að telja afar líklegt að hann muni ráðstafa fjármuninum þannig að stefnanda verði gert erfitt fyrir að fullnusta kröfur sínar samkvæmt samningnum. Stefnandi hafði engan annan kost en að krefjast kyrrsetningar eigna til þess að tryggja hagsmuni sína og barna sinna til frambúðar.

Með vísan til framangreinds er ljóst að stefnandi hefur engan annan kost en að höfða dómstól á hendur stefnda í því skyni að krefjast efnda á skilnaðarsamningi þeirra og til staðfestingar kyrrsetningar eigna hans. Telur stefnandi þannig jafnframt ljóst að öll skilyrði fyrir kyrrsetningu hafi verið uppfyllt, sbr. 5. gr. kyrrsetningarlaga og því beri að staðfesta kyrrsetningu sýslumanns samkvæmt kyrrsetningargerð í málinu nr. 2021-011387.

Málskostnaðarkrafa:

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til alls framangreinds, einkum þess að hún átti ekki annan kost en að höfða mál þetta til þess að knýja fram efndir á ótvíræðum samningi aðila. Þá er vakin athygli á því að stefnandi hefur óskað eftir gjafsókn í málinu og er gjafsóknarbeiðni hennar til meðferðar hjá gjafsóknarnefnd. Er þannig áskilinn réttur til þess að leggja fram gjafsóknarleyfi ef gjafsókn fæst í málinu.

Lagarök:

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglu samningaréttar um að samningar skuli standa (l. pacta sunt servanda) sem og meginreglu kröfuréttar um að fá endir kröfu sinnar í samræmi við aðalefni samnings, þ.e. efndir *in natura*.

Um staðfestingu á kyrrsetningu eigna stefnda vísar stefnandi til II. og VI. kafla laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, einkum 1. og 2. mgr. 36. gr. laganna. Um varnarþing vísast til 5. mgr. 36. gr. sömu laga.

Um birtingu stefnu vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr., a. liðar 1. mgr. 83. gr. og 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

Um málskostnaðarkröfu vísast til XX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, einkum 129-131. gr. laganna.

Dráttarvaxtakröfu styður stefnandi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Um upphafstíma dráttarvaxta vísar stefnandi til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, en upphafstími dráttarvaxta er frá og með 1. nóvember 2020 þegar stefnda bar að greiða stefnanda sinn hluta samkvæmt samningnum.

4. Birting, sönnunargögn og áskilnaður:

Stefnandi kveður stefnda ekki hafa skráð lögheimili samkvæmt Þjóðskrá. Þá kveðst stefnandi ekki hafa upplýsingar um dvalarstað hans, kann því að vera nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingarblaði, sbr. a. lið 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 90/1991. Stefnandi kveðst munu gera tilraun til þess að birta fyrir stefnda sjálfum á síðasta þekkta dvalarstað hans, sbr. a. lið 1. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1991. Stefnandi kveður því stefnufrest skuli vera 1 mánuður til samræmis við 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 90/1991.

Stefnandi kveðst muna við þingfestingu málsins leggja fram gögn sem byggt er á í stefnu og skrá yfir þau. Mun stefnandi m.a. leggja fram endurrit úr gerðarbók sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þar sem staðfest er kyrrsetning fjármuna stefnda, kyrrsetningar-beiðni, samning aðila um skilnaðarkjör, bréf lögmanns stefnanda til stefnda þar sem kröfur stefnanda eru hafðar uppi, kaupsamning um fasteignina að Hlíð 50 í Kjós, reikning vegna lögmannspjónustu, gögn sem sýna rekstrarkostnað fasteignarinnar að Miðtúni 48 og fleiri gögn sem varpa ljósi á kröfu og málalítilbúnað stefnanda.

Þá kveðst stefnandi áskilja sér rétt til að koma að frekari gögnum, kalla til vitni og aðila til skýrslugjafar og tefla fram frekari málsástæðum og mótmælum á síðari stigum gefist tilefni til. Einnig kveðst stefnandi áskilja sér rétt til framlagningar gjafsóknarleyfis ef það fæst og er því jafnframt áskilinn réttur til þess að krefjast málskostnaðar líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Þá er áskilinn réttur til að afla frekari sönnunargagna, matsgerðar dómkvadds matsmanns eða matsmanna og beina áskorunum um gagnaframlagningu að stefnda á síðari stigum málsins, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

5. Þingfesting og stefnufrestur:

Hér með er Zenonas Gilaitis, kt. 120379-4889, með ótilgreint lögheimili, stefnt til að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík 29. júní 2021, kl. 10.00 þar sem mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, að sjá skjöl og skilríki í dómi lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Athygli stefnda er vakin á því

að útvistardómur kann að ganga í málinu ef ekki verður mætt af hans hálfu á framangreindum stað og tíma, sbr. 113. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. maí 2021.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur.
Eu. **Sigríður D. Jóhannsdóttir** aðstoðarmaður dómara.

(2021011291

Útgáfud.: 27. maí 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 25. maí 2021 í máli nr. L-1148/2021 var Tómas Mór Sævarsson, kt. 040993-2829, sviptur fjárræði í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 26. maí 2021.

Ingi Tryggvason.

(2021011218

Útgáfud.: 21. maí 2021

Friðlýsing æðarvarps í umdæmi Sýslumannsins á Vesturlandi

Friðlýst æðarvarp er í Sellátrum (Saurlátrum), Gimbury og Rótarskeri í Stykkishólmsbæ. Varpið er dreift um eyjarnar.

Stykkishólmi, 18. maí 2021.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi.

(2021010706

Útgáfud.: 26. maí 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 12. maí 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Húsavík fasteignasala ehf., kt. 681200-2820, Borgartúni 29, Reykjavík 2021010954)	29. mars 2021	miðvikudaginn 11. ágúst 2021, kl. 11.30

Hvassahraun ehf., kt. 700317-1530, Sæviðarsundi 10, Reykjavík 2021010955)	29. mars 2021	miðvikudaginn 11. ágúst 2021, kl. 11.00
---	---------------	---

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra

réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Síðumúla 13, jarðhæð, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Síðumúla 13, jarðhæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Birkir Mór Árnason
lögmaður.

(2021010953A

Útgáfud.: 31. maí 2021

Dómsbirting

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 2021 í máli nr. S-2092/2021.

Dómsorð:

Ákærði, Tomas Vaiciulis, sæti fangelsi í 30 daga.

Arna Sigurjónsdóttir.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Skrifstofu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,
27. maí 2021.

Sonja Hjördís Berndsen aðstoðarsaksóknari.

(2021011349

Útgáfud.: 31. maí 2021

Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Kristjáni Ágúst Flygering réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólunum.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
20. maí 2021.

(2021011346

Útgáfud.: 31. maí 2021

Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Sigmari Aroni Ómarssyni réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólunum.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
25. maí 2021.

(2021011348

Útgáfud.: 4. júní 2021

Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra hefur veitt Önnu Krístrúnu Einarasdóttur, kt. 010391-3189, réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra,
1. júní 2012.

(2021011803

Útgáfud.: 31. maí 2021

Löggilding útgefin

Þann 26. maí 2021 gaf Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu út löggilt leyfi fyrir Sórúni Aspar Sigurðardóttir, kt. 050477-3049, til að starfa sem löggiltur fasteigna- og skipasali.

Kópavogi, 27. maí 2021.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2021011344

Útgáfud.: 1. júní 2021

Framhald uppboðs - Vesturland

Uppboði á eigninni Grundargata 45, Grundarfjarðarbæ, fnr. 211-5084, sem byrjaði 27. maí 2021, verður fram haldið á eigninni sjálfri þriðjudaginn 15. júní 2021 kl. 11.00.

Með því að ekki er kunnugt um dvalarstað þinglýstra eigenda að fasteigninni, Nadia Di Stefano 240489-3689 og Agatino Farinato kt. 190184-3669, sem eru með óþekkt heimili erlendis, er þessi tilkynning gagnvart þeim birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 4. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1991.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi,
31. maí 2021.

Ólafur K Ólafsson.

(2021011359

Útgáfud.: 2. júní 2021

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Mál nr. S-29/2021:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Vesturlandi, Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Marius Grigaliunas,

verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 2. september 2021, kl. 13.10.

Staður: Salur dómstólsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Dómsathöfn: Þingfesting opinberra mála.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Guðfinnur Stefánsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Vesturlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Vesturlands á hendur Marius Grigaliunas, kt. 171279-2409, óstaðsettur í hús, fyrir eftirtalin umferðarlagabrot:

1. Með því að hafa miðvikudaginn 6. maí 2020 ekið bifreiðinni VH085 sviptur ökuréttindum á Bústaðarvegi við Suðurhlíð í Reykjavík. Telst þetta varða við 1. mgr. 58. gr. sbr. 95. gr. umferðalaga nr. 77/2019.

2. Með því að hafa mánudaginn 20. júlí 2020 ekið bifreiðinni SLU05 sviptur ökuréttindum á Borgarfjarðarbraut við Seleyrargil í Borgarbyggð. Telst þetta varða við 1. mgr. 58. gr. sbr. 95. gr. umferðalaga nr. 77/2019.

3. Með því að hafa laugardaginn 17. október 2020 ekið bifreiðinni VO753 sviptur ökuréttindum á Skipholti við Háaleitisbraut í Reykjavík. Telst þetta varða við 1. mgr. 58. gr. sbr. 95. gr. umferðalaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjóra,
Borgarnesi, 25. janúar 2021.

Jón Haukur Hauksson settur lögreglustjóri á Vesturlandi.

Þar sem ákærði, Marius Grigaliunas, kt. 171279-2409, er nú skráður óstaðsettur í hús og ekki hefur tekist að birta honum ákæru og fyrirkall, er það nú birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sbr. 3. mgr. 185. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vesturlandi,
25. maí 2021.

Jón Haukur Hauksson aðstoðarsaksóknari.

(2021011422

Útgáfud.: 3. júní 2021

Hlutfélag - samruni

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfélag, um að samruninn rýri ekki möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

Yfirtökufélag: Tóftir ehf., kt. 440995-2339, Blikanesi 31, Garðabæ.

Yfirtekið félag: Þrengsli ehf., kt. 641005-0960, Suðurlandsbraut 48, Reykjavík.

Uppgjörsgdagur: 1. janúar 2021.

Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið. Yfirtökufélag er eigandi að öllu hlutfélagi í yfirtekna félaginu og er því ekki um endurgjald að ræða. Við samrunann renna eignir og skuldir yfirtekna félagsins inn í yfirtökufélagið og koma í stað hlutfjáreignar í yfirtekna félaginu. Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag. Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundum þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvers samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 31. maí 2021.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2021011737

Útgáfud.: 3. júní 2021

Hlutfélag - samruni

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfélag, um að samruninn rýri ekki möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

Yfirtökufélag: Algalíf Iceland ehf., kt. 490812-0670, Bogatröð 10, Reykjanesbæ.

Yfirtekið félag: Keflavík Properties ehf., kt. 420518-0210, Bogatröð 10, Reykjanesbæ.

Uppgjörsgdagur: 1. janúar 2021.

Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið. Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda

um hið sameinaða félag. Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundum þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvers samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 31. maí 2021.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2021011739

Útgáfud.: 31. maí 2021

Innköllun vegna samnings um greiðsluáðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 12. maí 2021 var samþykkt umsókn

Sigrúnar Aminu Wone,
kt. 060497-2309,
Brautarholti 7, Reykjavík,

um að leita samnings um greiðsluáðlögun. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluáðlöguninni þann 12. maí 2021.

Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. lge. Þeir lánardrottinnar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 2. mgr. 10. gr. lge. Þá skulu kröfuhafar tilgreina reikningsnúmer í kröfulýsingu vegna greiðslumiðlunar. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Kringlunni 1, 103 Reykjavík.

Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Fundir verða haldnir með lánardrottnum, ef tilefni gefst til þess undir rekstri málsins, sbr. 6. mgr. 16. gr. lge.

Reykjavík, 12. maí 2021.

Edda Þ. Hauksdóttir lögfræðingur.

(2021010322B

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innköllun - félagsslit

Á ályktunarbærum félagsfundi þann 15. desember 2020 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélag.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Ragnheiðar

Matthíasdóttur, Strandgötu 43, 220 Hafnarfirði, merktar Heildverslunin Lissý sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Strandgötu 43, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn Sameignarfélags	Félagsfundur
Heildverslunin Lissý sf., kt. 581186-1429	Föstudaginn 30. júlí 2021 kl. 13.00

Reykjavík, 18. maí 2021.
F. h. félagsmanna,
Ragnheiður Matthíasdóttir.

(2021010985B

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innköllun - félagsslit

Á ályktunarbærum félagsfundi þann 15. desember 2020 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Ragnheiðar Matthíasdóttur, Strandgötu 43, 220 Hafnarfirði, merktar Gallerí-Sara sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Strandgötu 43, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn Sameignarfélags	Félagsfundur
Gallerí-Sara sf., kt. 430388-1509	Föstudaginn 30. júlí 2021 kl. 12.00

Reykjavík, 18. maí 2021,
F. h. félagsmanna,
Ragnheiður Matthíasdóttir.

(2021010989B

Útgáfud.: 3. júní 2021

Innköllun - Félagsslit

Á ályktunarbærum félagsfundi þann 14. maí 2021 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007 um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007 er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Þórðar

Guðmundssonar lögmanns, Hamraborg 14A, 200 Kópavogi, merktar Leðurlínan sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Lögmannsstofu Þórðar Guðmundssonar, Hamraborg 14A, Kópavogi, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn sameignarfélags	Félagsfundur
Leðurlínan sf., kt. 631188-1419	Miðvikudaginn 4. ágúst 2021 kl. 10.00

Kópavogi, 20. maí 2021.
F. h. félagsmanna,
Þórður Guðmundsson lögmaður.

(2021011217B

Útgáfud.: 1. júní 2021

Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 27. maí 2021 var samþykkt umsókn

Magnúsar Sigurbjörnssonar,
kt. 310389-2269,
Hjallabraut 6, Hafnarfirði,

um að leita samnings um greiðsluaðlögun. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 27. maí 2021.

Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. lge. Þeir lánardrottnar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 2. mgr. 10. gr. lge. Þá skulu kröfuhafar tilgreina reikningsnúmer í kröfulýsingu vegna greiðslumiðlunar. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Kringlunni 1, 103 Reykjavík.

Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Fundir verða haldnir með lánardrottnum, ef tilefni gefst til þess undir rekstri málsins, sbr. 6. mgr. 16. gr. lge.

Reykjavík, 28. maí 2021.
Lilja Björk Ásgrímsdóttir lögfræðingur.

(2021011355A

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innköllun - félagsslit

Á ályktunarbærum félagsfundi 7 júní 2018 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Matthías Valdimarsson, Álftamýri 39, 108 Reykjavík merktar Festi sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Álftamýri 39, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn sameignarfélags Félagsfundur

Festi sf., þriðjudaginn 7. september 2021
kt. 701292-3329 kl. 10.00

Reykjavík, 31. maí 2021.
F. h. félagsmanna,
Matthías Valdimarsson.

(2021011429A

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innköllum - félagsslit

Á ályktunarþærum félagsfundi 30. maí 2021 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Hjörtur Sigurðsson, Grandavegur 3, 107 Reykjavík, merktar 1987 sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Grandavegi 3, Reykjavík, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn sameignarfélags Félagsfundur

1987 sf., Mánudaginn 5. ágúst 2021
kt. 600214-0470 kl. 10.00

Reykjavík, 30. maí 2021.
F. h. félagsmanna,
Hjörtur Sigurðsson.

(2021011436A

Útgáfud.: 4. júní 2021

Innköllum vegna glataðra hlutabréfa

Eigandi hlutabréfa í Hval hf., kt. 650169-6549, Miðsandi, Hvalfjarðarsveit, hefur farið þess á leit við stjórn félagsins, að neðangreind hlutabréf verði ógilt, þar sem þau hafa glatast og að nýtt bréf verði gefið út í staðinn.

Nr. hlutabréfs	Dagsetning	Upphæð
C 9	3.11.1983	500
C 24	3.11.1983	100
C 30	3.11.1983	1.000
C 31	3.11.1983	1.000
C 32	3.11.1983	1.000
C 33	3.11.1983	1.000

Með vísan til 8. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, sbr. og d. lið 5. gr. í samþykktum félagsins, stefnist hér með handhafa ofangreindra hlutabréfa til að gefa sig fram við stjórn félagsins innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar þessarar og lýsa rétti sínum yfir hlutabréfunum. Gefi enginn sig fram áður en frestur er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu og verður gefið út nýtt hlutabréf handa hinum skráðu eigendum.

F. h. stjórnar Hvals hf.,
Kristján Loftsson.

(2021011765A

Útgáfud.: 4. júní 2021

Innköllum vegna glataðra hlutabréfa

Eigandi hlutabréfa í Hval hf., kt. 650169-6549, Miðsandi, Hvalfjarðarsveit, hefur farið þess á leit við stjórn félagsins, að neðangreind hlutabréf verði ógilt, þar sem þau hafa glatast og að nýtt bréf verði gefið út í staðinn.

Nr. hlutabréfs	Dagsetning	Upphæð
XX-88126	31.12.2005	155.520

Með vísan til 8. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, sbr. og d. lið 5. gr. í samþykktum félagsins, stefnist hér með handhafa ofangreindra hlutabréfa til að gefa sig fram við stjórn félagsins innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar þessarar og lýsa rétti sínum yfir hlutabréfunum. Gefi enginn sig fram áður en frestur er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu og verður gefið út nýtt hlutabréf handa hinum skráðu eigendum.

F. h. stjórnar Hvals hf.,
Kristján Loftsson.

(2021011766A

Útgáfud.: 4. júní 2021

Innköllum vegna glataðra hlutabréfa

Eigandi hlutabréfa í Hval hf., kt. 650169-6549, Miðsandi, Hvalfjarðarsveit, hefur farið þess á leit við stjórn félagsins, að neðangreind hlutabréf verði ógilt, þar sem þau hafa glatast og að nýtt bréf verði gefið út í staðinn.

Nr. hlutabréfs	Dagsetning	Upphæð
XX-88127	31.12.2005	155.520

Með vísan til 8. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, sbr. og d. lið 5. gr. í samþykktum félagsins, stefnist hér með handhafa ofangreindra hlutabréfa til að gefa sig fram við stjórn félagsins innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar þessarar og lýsa rétti sínum yfir hlutabréfunum. Gefi enginn sig fram áður en frestur er liðinn falla niður öll réttindi á hendur féluginu samkvæmt hlutabréfinu og verður gefið út nýtt hlutabréf handa hinum skráðu eigendum.

F. h. stjórnar Hvals hf.,
Kristján Loftsson.

(2021011767A

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 2021 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:	Dánardagur:
Sveinn Þ. Gústafsson, kt. 050545-2539, síðasta heimilisfang: Klapparstíg 1A, Reykjavík	23. september 2019

2021010993)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Síðumúla 13, jarðhæð, 108 Reykjavík.

Reykjavík, 21. maí 2021.
Birkir Már Árnason
lögmaður.

(2021010992B

Útgáfud.: 1. júní 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. maí 2021 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:	Dánardagur:
Grétar Rafnsson, kt. 070761-5809, síðasta heimilisfang: Perlukór 1B, Kópavogi	11. janúar 2021

2021011358)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, Reykjavík (LEX ehf.).

Reykjavík, 25. maí 2021.
F.h. Þórhalls Bergmann
lögmanns,
Kara Borg Fannarsdóttir
lögmaður.

(2021011357A

Útgáfud.: 1. júní 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. maí 2021 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:	Dánardagur:
Jón Óskar Ágústsson, kt. 061032-4449, síðasta heimilisfang: Viðimel 78, Reykjavík	1. febrúar 2021

2021011362)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipholti 50d, Reykjavík.

Reykjavík, 27. maí 2021.
Hjördís E. Harðardóttir
hrl.

(2021011361A

Útgáfud.: 1. júní 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. maí 2021 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Guðrún Fanndal Kristinsdóttir,
kt. 130445-2099,
síðasta heimilisfang:
Viðimel 78, Reykjavík

Dánardagur:

28. nóvember
2020

2021011364)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipholti 50d, Reykjavík.

Reykjavík, 27. maí 2021.

Hjördís E. Harðardóttir
hrl.

(2021011363A

Útgáfud.: 31. maí 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Frestdagur: Skiptafundur:

Verktakaþjónustan
slf.,
kt. 490315-0200,
Trönuhólum 12.
Reykjavík
2021009886)

3. mars 2021
mánudaginn
9. ágúst 2021,
kl. 14.00

Vithús ehf.,
kt. 680616-1080,
Deildarási 20,
Reykjavík
2021009885)

8. janúar 2021
mánudaginn
9. ágúst 2021,
kl. 15.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að LEX, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á

þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 4. maí 2021.

F.h. Kristínar Edwald
lögmanns,
Þórhallur Bergmann
lögmaður.

(2021009884B

Útgáfud.: 1. júní 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. maí 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Frestdagur: Skiptafundur:

Ragnar Þór
Hilmarsson,
kt. 080986-3199,
Drekavöllum 26,
Hafnafirði

6. apríl 2021

Þriðjudaginn
17. ágúst 2021,
kl. 10.00

2021010885)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Katrínartúni 4, 7. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Stefán Þór Eyjólfsson
lögmaður.

(2021010884B

Útgáfud.: 1. júní 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. maí 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Brokkur ehf.,
kt. 581007-1320,
Drekavöllum 18,
Hafnarfirði
2021010888)

Frestdagur:

6. apríl 2021

Skiptafundur: miðvikudaginn
18. ágúst 2021,
kl. 10.00

Ísbey ehf.,
kt. 520912-0880,
Ósbraut 13,
Suðurnesjabæ
2021010887)

Frestdagur:

6. apríl 2021

miðvikudaginn
18. ágúst 2021,
kl. 11.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búnum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búnum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Smáratorgi 3, 201 Kópavogi (IUS lögmansstofa). Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Smáratorgi 3, 17. hæð, Kópavogi, á ofangreindum tímum. Komi ekkert fram um eignir í búnum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Kópavogi, 18. maí 2021.

Ágúst Karl Karlsson
lögmaður.

(2021010886B

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. maí 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bú.

Nafn bús: Alsprautun ehf.,
kt. 451108-0420,
Trönuhrauni 7.
Hafnarfirði
2021010941)

Frestdagur:

17. febrúar 2021

Skiptafundur: þriðjudaginn
17. ágúst 2021,
kl. 10.30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 25, 1. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Margrét Gunnlaugsdóttir
hrl.

(2021010940B

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Útgáfud.: 2. júní 2021

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Guðjón Ægir Gunnarsson,
kt. 211180-3319,
Álfshólsvegi 103, Kópavogi

kr. 16.551.013

Reykjavík, 17. maí 2021.

Sæþór Fannberg lögmaður.

(2021011407

Útgáfud.: 1. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Bragi Valur Eliasson,
kt. 230279-3659,
Engihjalla 9, Kópavogi

kr. 8.698.890

Reykjavík, 17. maí 2021.

Sæþór Fannberg lögmaður.

(2021011408

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Ice Water Sources ehf.,
kt. 630215-0130,
Suðurlandsbraut 6, Reykjavík

kr. 5.398.053

Reykjavík, 26. maí 2021.

**Heiðar Ásberg Atlason
lögmaður.**

(2021011424

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Hífandi ehf.,
kt. 570108-1310,
Eyjarslóð 7, Reykjavík

kr. 153.915.409

Reykjavík, 26. maí 2021.

**Heiðar Ásberg Atlason
lögmaður og skiptastjóri.**

(2021011425

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 9. september 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. janúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Róbert Þór Ólafsson,
kt. 130182-7129,
Álfheimar 26, Reykjavík

Lýstar kröfur voru að samtals
kr. 14.181.181 krónur, auk
áfallinna vaxta og kostnaðar
eftir úrskurðardag
gjaldþrotaskipta.

Kópavogi, 14. maí 2021.

**Áslaug Lára Lárusdóttir
lögmaður.**

(2021011430

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Bergey ehf,
kt. 590617-2610,
Fannafold 44, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Lýst var almennum kröfum,
skv. 113. gr. laga nr.
21/1991, samtals kr.
7.708.249 og eftirstæðri
kröfu, skv. 114 gr. sömu
laga, kr. 7.700. Samtals var
lýst kröfum að fjárhæð kr.
7.708.249.

Reykjavík, 28. maí 2021.

Harpa Helgadóttir
lögmaður.

(2021011433

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 27. maí 2021. Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu en samkvæmt henni greiddust að fullu veðkröfur alls að fjárhæð kr. 23.122.949 og forgangskröfur samtals að fjárhæð kr. 12.034.998 (5,42%). Ekkert fékkst greitt upp í almennar eða eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:

Capacent ehf.,
kt. 550910-0630,
Ármúla 13, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 755.426.809

Reykjavík, 28. maí 2021.

Berglind Svavarsdóttir hrl.

(2021011437

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 3. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Holt eignamiðlun ehf.,
kt. 480210-0420,
pósthólf 307, 602 Akureyri

Lýstar kröfur:

Forgangskröfur samtals kr.
158.988. Almennar kröfur
samtals kr. 12.619.040.

Akureyri, 31. maí 2021.

Arnar Sigfússon lögmaður.

(2021011441

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. janúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Rafkúnst ehf.,
kt. 571115-1310,

Lýstar kröfur:

Samtals lýstar kröfur voru að
fjárhæð kr. 57.219.183, þar af
búskröfur skv. 110. gr. laga
nr. 21/1991 að fjárhæð
350.000, veðkröfur skv. 111.
gr. að fjárhæð kr. 23.809,
forgangskröfur skv. 112. gr.
að fjárhæð kr. 2.678.559,
almennar kröfur skv. 113. gr.
að fjárhæð kr. 54.081.283 og
að lokum eftirstæðar kröfur
skv. 114. gr. að fjárhæð kr.
85.532.

Reykjavík, 31. maí 2021.

Hróbjartur Jónatansson
lögmaður.

(2021011447

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Mono Events ehf.,
kt. 490816-1940,
Hrafnshöfða 25, Mosfellsbæ

Lýstar kröfur:

Lýstar kröfur samtals kr.
4.688.284.

Reykjavík, 31. maí 2021.

**Hróbjartur Jónatansson
lögmaður.**

(2021011448)

Útgáfud.: 2. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 3. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Allinn ehf., kt. 671195-2649, Þormóðsgötu 13, Siglufirði	Almennar kröfur kr. 58.346.989. Eftirstæðar kröfur kr. 8.000.
--	---

Akureyri, 31. maí 2021.

Arnar Sigfússon lögmaður.

(2021011449)

Útgáfud.: 4. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 1. júní 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Polarlight ehf., kt. 480514-1140, með lögheimili í Hafnarfirði	kr. 5.063.357
--	---------------

Reykjavík, 1. júní 2021.

**Sveinbjörn Claessen
lögmaður.**

(2021011811)

Útgáfud.: 4. júní 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 1. júní

2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Bergmál Bistro ehf., kt. 680219-1840, Ljósakri 6, Garðabæ	kr. 11.437.437
---	----------------

Reykjavík, 2. júní 2021.

**Birna Ósk Bjarnadóttir
lögmaður.**

(2021011827)

Útgáfud.: 31. maí 2021

Auglýsing um skipulag - Hveragerðisbær

Grænamörk 10 - Heilsustofnun, tillaga að breytingu á deiliskipulagi NLFÍ svæðis í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. maí sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grænumörk 10, skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið er um 11,7 ha og nær til lóða sem Náttúruvæðingafélag Íslands hefur til umráða og íbúðarbyggðar við Lækjarbrún og afmarkast til suðvesturs af Þelamörk, til norðvesturs af Grænumörk og Fagrahvammstúni, til norðausturs af Varmá og til suðausturs af fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Hólmabrun. Breytingin nær einungis til 2,8 ha svæðis innan deiliskipulagssvæðisins, sem liggur að Þelamörk rétt austan við íbúðarbyggðina í Lækjarbrún og er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, sem bæjarstjórn samþykkti þann 12. maí 2021 og biður staðfestingu Skipulagsstofnunar en skv. henni er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á breytingarsvæðinu á nýjum landnotkunarreit ÍB14.

Meginmarkmið tillögunnar er að þetta byggð með heildstæðu yfirbragði, í góðri sátt við umhverfi og samfélag og skapa betri grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og þjónustu tengdri henni.

Breytingartillagan liggur nú frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og er aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is út auglýsingartímann eða til 26. júlí nk. Tillagan verður einnig til sýnis í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk í Hveragerði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi mánudaginn 26. júlí 2021, annað hvort á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

(2021011343)

Útgáfud.: 1. júní 2021

Auglýsing um skipulag - Kópavogsbær*Markavegur 7 og 8. Breytt deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 13. apríl 2021 með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Markavegar 7 og 8. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einu hesthúsi á einni hæð ásamt gerði á hvorri lóð. Í breytingunni felst að á lóðunum verði reist ein sameiginleg reiðskemmu 8,5 m á breidd og 12 m á lengd. Gólfkóti verði jafnaður þannig að gólfkóti Markavegar 7 fari úr 104,5 í 105 og gólfkóti Markavegar 8 fari úr 105,5 í 105.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 29. mars 2021. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulags@kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15.00 fimmtudaginn 15. júlí 2021.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

(2021011354)

Útgáfud.: 2. júní 2021

Auglýsing um skipulag - Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og GnúpverjahreppurAðalskipulagsmál.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundum sínum þann 17. mars og 19. maí 2021 að kynna tillögu heildar endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Framlögð gögn til kynningar er greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppdráttur, uppdráttur af Holtamannafrétti og skýrsla er varðar stöðu og tækifæri ferðapjónustu í Ásahreppi.

2. Sogsvirkjanir H20 og H22 - Breytt landnotkun - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Sogsvirkjana. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar Þrjár og háspennulína í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði

áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruminjasrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum.

3. Hraunhólar L166567, íbúða- og frístundabyggð - Stækkun svæðis og fjölgun lóða - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Hraunhóla L166567 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt íbúðasvæði sem verður um 12 ha fyrir 8 lóðir auk þess sem frístundasvæði F42 stækkar sem nemur um 3 ha með möguleika á 4 lóðum til viðbótar.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

4. Borg í Grímsnesi - Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi.

5. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós - Ný svæði - Aðalskipulagsbreyting.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundum sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til námu og efnislosunarsvæðis við Þórisós. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnistökusvæðum og einu efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér tilkynnt um niðurstöðu sveitarstjórnar er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi:

6. Flatir lóð 17, L193908 - Óveruleg breyting á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst að lóð sem áður var frístundalóð en var færð undir landbúnaðarsvæði við heildar endurskoðun aðalskipulags, verði færð til baka undir frístundanotkun. Staðfesting Skipulagsstofnunnar er varðar málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga liggur fyrir.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

7. Helgastaðir 1, L167105 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. maí 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til Helgastaða 1, L167105. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á fjórum byggingarreitum innan jarðarinnar þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, hesthúsi, reiðskemmu og skemmu/vélageymslu.

8. *Sólheimar - Byggðahverfi 2020-2025 - Deiliskipulag.*
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafingshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa tillögu heildar endurskoðunar deiliskipulags að Sólheimum. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindar lóðir og byggingarreitir auk byggingaskilmála.

9. *Löngudælaholt frístundasvæði - Breyting og samræming deiliskipulags.*

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi að Löngudælaholti. Markmið skipulagsbreytingarinnar er að skilgreina betur núverandi frístundabyggð út frá staðbetri grunngögnum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is/>, <https://www.asahreppur.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 1, 2 og 3 eru í kynningu frá 2. júní 2021 til og með 25. júní 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 25. júní 2021. Aðalskipulagsbreytingar í liðum 4 og 5 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 2. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 7, 8 og 9 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 2. júní 2021 til og með 16. júlí 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 16. júlí 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU.

(2021011418)

Útgáfud.: 2. júní 2021

Auglýsing um skipulag - Rangárþing eystra

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Hellishólar - Lýsing aðalskipulagsbreytingar.

Lagt er til að gerð verði breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024. Breytingin felur í sér að landnotkun á ca 6,0 ha svæði á jörðinni Hellishólar, verður breytt í frístundabyggð (F).

Ofangreind skipulagslýsing verður kynnt fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 7. júní 2021 kl. 10-00 - 12.00. Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera

athugasemd við skipulagslýsinguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 16. júní 2021.

F. h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2021011419)

Útgáfud.: 2. júní 2021

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á 291. fundi sínum þann 27. maí 2021 að auglýsa eftirtalдар skipulagstillögur samkvæmt 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. málsgrein 41. greinar sömu laga.

Aðalskipulagsbreyting vegna nýs íbúðarhverfis vestan Þorlákshafnar.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á reit 111 í aðalskipulagi. Þar er nú gert ráð fyrir íbúðasvæði með fjölbreyttu búsetuformi í einbýli, fjölbýli, par- og raðhúsum. Hverfið er vestan byggðar í Þorlákshöfn en sunnan við framlengingu Selvogsbrautar til vesturs.

Deiliskipulag fyrir nýtt íbúðarhverfi vestan Þorlákshafnar.

Tillagan gerir ráð fyrir íbúðasvæði með fjölbreyttu búsetuformi í einbýli, fjölbýli, par- og raðhúsum. Hverfið er vestan byggðar í Þorlákshöfn en sunnan við framlengingu Selvogsbrautar til vesturs. Leitast hefur verið við að skapa nánd við náttúru svæðisins og vernda hraunmyndanir sem þar eru að finna.

Breyting á deiliskipulagi Norðurhrauns.

Gerð er litiðsháttar breyting á samþykktu skipulagi hverfisins.

-Hámarkstærð raðhúsa með bílskúr má ekki vera meiri en 120 m² en verður allt að 150 m² við breytinguna.

-Kvöð er um a.m.k. 1 metra skörun á milli veggflata en hún verður nú 0,3 metrar.

-Bindandi byggingarlinur eru gerðar leiðbeinandi.

-Hámarks nýtingarhlutfall á lóðum er 0,30 og ekki er samræmi milli þess og hámarks byggingarmagns og er þetta ósamræmi leiðrétt.

Deiliskipulag Lækur II, lóð 3.

Lóðin er 5,1 ha rétt ofan við Þorlákshafnarveg. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, vinnustofu, geymslu, hlöðu, gripahúsi, gestahúsi, leikhús barna og hænsnakofa, allt í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Deiliskipulag Grímslækjarheiði - Sögusteinn.

Gert er ráð fyrir íbúðarlóðum á svæði sem er íbúðasvæði skv. aðalskipulagi.

Eldra deiliskipulag svæðisins sýndi allar byggingarlóðir á svæðinu sem frístundalóðir. Tvö íbúðarhús standa á svæðinu, Sögusteinn og Hlíðarás, húsini eru skráð íbúðarhús, þó þau standi á lóðum sem er skipulagðar sem frístundalóðir skv. gildandi deiliskipulagi. Þetta misræmi er lagfært í nýju

skipulagi þar sem allar lóðir á svæðinu eru skilgreindar sem íbúðarlóðir í samræmi við aðalskipulag.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, frá 2. júní til 15. júlí 2021.

Þeir sem vilja gera athugasemdir er bent á að senda tölvupóst á skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 15. júlí 2021.

Sveitarfélagið Ölfus.

(2021011420

Útgáfud.: 3. júní 2021

Auglýsing um skipulag - Mosfellsbær

Nýtt deiliskipulag Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ.

Mosfellsbær auglýsir hér með nýtt deiliskipulags, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar 19.05.2021.

Nýtt deiliskipulag er unnið á grundvelli verðlaunatillögu í hugmyndasamkeppni um Ævintýragarð sem haldin var árið 2009. Deiliskipulagssvæðið er staðsett í Ullarnesbrekkum og afmarkast af Vesturlandsvegi til austurs, Köldukvísl til norðurs að meðtöldum Suðureyrum og mörkum Varmáskólasvæðis til suðurs.

Aðal aðkoma bílaumferðar er frá jöðrum garðsins, um Tunguveg og frá Vesturlandsvegi, en þaðan er líka þjónustuaðkoma að miðsvæði. Neðan við aðkomuna frá Vesturlandsvegi liggur miðsvæði garðsins sem er fjölnota svæði fyrir menningarviðburði s.s. útileikhús, ljóðalestur, söngskemmtanir svo og stærri atburði eins og tónleikahald, markaðsdaga, minni íþróttaviðburði og sýningarsvæði fyrir útilistaverk svo eitthvað sé nefnt, hjartað í garðinum. Við þjónustumiðstöðina við Tunguveg er reiknað með stað fyrir nýtt tjaldsvæði og leiksvæði. Innan garðsins eru einnig ýmsir aðrir áningarstaðar og leiksvæði, þrekstöðvar, skíða- og sleðabrekkur, minigolf, hundagerði, fuglaskoðunarhús, matjurtagarðar, fjallahjólabraut, gönguskiðabraut, hjólastígar, reiðstígar, léttir stígar og hengibrú.

Tillagan og greinargerð verður aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skipulagsauglysingar og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2, svo þeir sem vilja get kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og senda skal þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða í tölvupósti á skipulag@mos.is.

Athugasemdafrestur er frá 3. júní 2021 til og með 19. júlí 2021.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar,
Kristinn Pálsson.

(2021011736

Útgáfud.: 3. júní 2021

Auglýsing um skipulag - Norðurþing

Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri.

Sveitarstjórn Norðurþings, að tillögu skipulags- og framkvæmdaráðs, samþykkti á fundi sínum þann 18. maí 2021 að kynna tillögu að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan felur í sér sameiningu og stækkun byggingarreita auk þess sem gert er ráð fyrir að byggja megi hús með allt að 11,2 m vegg hæð og 14,2 m mænishæð á kerjapöllum. Gert er ráð fyrir að byggja megi allt að 800 m² þjónustuhús innan byggingarreits A1. Breytingartillagan ásamt greinargerð er sett fram á einu blaði í blaðstærð A1.

Breytingartillaga þessi er nú til kynningar á heimasíðu Norðurþings (www.nordurthing.is) auk þess sem hún hangir uppi á skrifstofum Norðurþings á Húsavík og Kópaskeri. Kynningartími skipulagsins er frá 3. júní til 16. júlí 2021. Þeim sem kynnu að hafa ábendingar eða athugasemdir við breytingartillöguna er bent á að koma þeim á framfæri við Norðurþing fyrir 16. júlí 2021. Tekið verður á móti skriflegum ábendingum á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, Húsavík eða í tölvupósti á nordurthing@nordurthing.is.

Húsavík, 26. maí 2021.

Gaukur Hjartarson

skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings.

(2021011738

Útgáfud.: 4. júní 2021

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Rauðhólar.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúnna að Helluvatni. Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og ríðandi um svæðið fest inn á skipulagsáætlun. Er það gert til að auka upplifun ólíkra útivistarhópa í sátt við náttúruna, auk þess sem náttúru- og útivistarstígar eru skilgreindir á uppdrætti. Jafnframt er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem jafnframt er þá upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu. Búið er að kortleggja helstu jarðminjar og vistgerðir auk fornleifapunkta. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Laugardalur - austurhluti.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir austurhluta Laugardals vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Mýrargata 18.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar vegna lóðarinnar nr. 18 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að lóðarmörk Mýrargötu eru rýmkuð um 2 metra til norðurs og 3 metra til austurs auk þess að kvöð um göngustíg á milli Mýrargötu 18 og Mýrargötu 16 er felld niður. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Blikastaðavegur 2-8.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að leiðrétta lóðastærð, bæta við tveimur byggingarreitum og auka byggingarmagn um 12.500 m². Þá eru bílastæðakröfur uppfærðar. Við útfærslu bygginga skal gæta að heildar samræmi á lóðinni og ásýndum bygginga og brjóta upp lengd húshliðar sem vísa að Vesturlandsvegi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Lækjargata 12.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalúti 2 vegna lóðarinnar nr. 12 við Lækjargötu. Í breytingunni felst að bætt er við heimild til þess að gera þaksvalir á inndregnum húshluta á þaki 4. hæðar að Vonarstræti og inngarði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 16. júlí 2021. Vinsamlegast notið uppgengið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík, 4. júní 2021.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2021011804)

Útgáfud.: 4. júní 2021

Innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa

Þann 28. maí 2021 féllst endurskoðendaráð á beiðni Alferðs Atlasonar, kt. 010962-4479, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Endurskoðendaráð,

1. júní 2021.

(2021011822)

Útgáfud.: 3. júní 2021

Stefna - forsjármál

Sólveig Þórstína Árnýjardóttir,

kt. 190886-3449,

Hagatúni 6, Hornafirði,

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdóms Austurlands á hendur Ágústi Bjarma Símonarssyni, kt. 220679-5519, með ótilgreint heimilisfang, til að þola dóm í samræmi við eftirfarandi dómkröfur.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að henni verði einni með dómi falin forsjá drengsins Bergþórs Viljars Ágústssonar, kt. 250814-2750, til 18 ára aldurs hans.

Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða henni einfalt meðlag með drengnum til 18 ára aldurs.

Stefnandi krefst þess að umgengni stefnda við drenginn verði takmörkuð og að umgengni fari eingöngu fram undir eftirliti, s.s. af hálfu móður stefnda.

Loks krefst stefnandi þess að stefndi verður dæmdur til greiðslu málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts samkvæmt málskostnaðarreikningi sem mun verða lagður fram síðar undir rekstri málsins eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins.

Málflutningsumboð: Jóna Benný Kristjánsdóttir lögmaður, Medial ehf., Litlubrú 1, Hornafirði, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir: Málavextir eru þeir að stefnandi og stefndu kynntust árið 2010 og hófu sambúð fljótlega eftir það. Þau eignuðust son sinn árið 2014. Á ýmsu gekk í sambúð aðila og einkenndist það af óheildarleika og þvingunum af hálfu stefnanda. Sambandið hafði m.a. þau áhrif á stefnanda að hún hefur frá því í sambúð aðila verið með áfallastreituröskun og hefur leitað sér aðstoðar vegna þess. Fjölskyldan fluttist til Noregs á árinu 2017. Á þeim tíma sem fjölskyldan bjó þar féll stefndi, sem þá hafði verið edrú í mörg ár. Eftir þann tíma hefur stefndi ekki getað sinnt syni þeirra að einu marki. Fyrir þann tíma var ábyrgðin að mestu á stefnanda en stefndi tók þó þátt í uppeldinu að einhverju leyti.

Sambandi aðila lauk á árinu 2018 er stefnandi fluttist frá Noregi til Hafnar í Hornafirði. Frá sambúðarslitum hefur drengurinn ávallt búið hjá stefnanda en hitt stefnda, óreglulega, stuttan tíma í senn. Gjarnan er drengurinn hefur dvalið hjá móður stefnda. Stefndi hefur aldrei haft né sóst eftir reglulegri umgengni við drenginn. Stefndi bjó, síðast þegar stefnandi vissi, í hjólhýsi.

Aðilar fara sameiginlega með forsjá en þar sem stefndi er ekki með fast heimilisfang er á tíðum ógjörleget að hafa samband við hann s.s. þegar taka þarf sameiginlegar ákvarðanir um drenginn. Stefnandi leitaði því til sýslumannsins á Suðurlandi með það fyrir augum að leita sátta við stefnda um breytta skipan á forsjá drengsins, líkt og áskilið er í 33. gr. a. barnalaga. Stefndi hefur hins vegar ekki mætt við sáttameðferð og taldist henni lokið þann 4. janúar 2021, sbr. framlagt vottorð um sáttameðferð. Því er stefnanda nauðugur einn kostur að höfða mál þetta.

Málsástæður: Stefnandi telur nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi forsjár m.a. vegna þess að stefndi hefur ekki fast aðsetur eða lögheimili. Stefnandi telur það hagsmunum drengsins fyrir bestu að hún fari ein með forsjá hans. Núverandi ástand hamli henni við stærri ákvarðanir og með því að hún fari ein með forsjá hans megi stuðla að því með betri hætti að hægt sé að taka meiri háttar ákvarðanir um hagsmuni hans, sbr. 1. mgr. 28. gr. 1. barnalaga, enda beri henni við töku slíkra ákvarðana að hafa samráð við stefnda, sbr. 1. mgr. 28. gr. a. barnalaga. Þá telur stefnandi einnig að með núverandi fyrirkomulagi sé frelsi hennar til ferðalaga með drenginn settar verulegar skorður, enda beri henni að fá samþykki stefnda vilji hún fara úr landi með barnið, sbr. 3. mgr. 28. gr. a. barnalaga. Stefnandi viti hins vegar lítið um hagi stefnda og hvar hann sé niðurkominn, að öðru leyti en því að hún telur hann búa í hjólhýsi. Þá hafi stefndi sjálfur ekki gert að því nokkurn reka að sinna þörfum drengsins.

Ljóst er að tilraunir stefnanda til sátta við stefnda hafa engan árangur borið og að enn sé ágreiningur með aðilum um forsjá drengsins. Því verður stefnandi að leita atbeina dómstóla, sbr. 1. mgr. 34. gr. barnalaga. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 2. mgr. 34. gr. barnalaga beri dómara að láta hagsmuni barnsins ráða við ákvörðun um forsjá þess.

Kröfu sína um að henni verði einni með dómi falin forsjá drengsins byggir stefnandi á því að hún sé hæfari til að fara með forsjá en stefndi. Hún gerir sér grein fyrir þörfum drengsins og hvað honum er fyrir bestu. Hún hefur betri innsýn í þarfir barnsins og býr yfir skilningi á því að hann þurfi á stöðugleika, reglu og öryggi að halda en hún telur stefnda hvorki til þess fallinn að sinna grunnþörfum hans né öðrum þörfum.

Stefnandi byggir kröfu sína einnig á því að drengurinn sé tengdari henni en stefnda. Stefnandi hefur frá fæðingu sinnt daglegri umönnun drengsins. Stefndi hafi í sambúð aðila lítið skipt sér af drengnum eða sinnt honum, enda sjaldan í ástandi til þess.

Stefnandi byggir kröfur að lokum á því að persónulegar og félagslegar aðstæður hennar séu betur til þess fallnar að annast drenginn. Stefnandi er í sambúð og býr í eigin húsnæði, drengurinn hefur tengst stjúpðóður sínum vel. Drengurinn býr við öryggi og stöðugleika, er byrjaður í skóla þar sem hann á vini og líður vel. Drengurinn hefur aldrei notið reglulegrar umgengni við stefnda en stefndi býr, eftir því sem best er vitað, í hjólhýsi eða með ótilgreint heimilisfang.

Kröfu sína um umgengni byggir stefnandi á því að stefndi sé ekki hæfur til að fá drenginn í umgengni án eftirlits. Stefnandi telur þó mikilvægt að drengurinn þekki fjölskyldu

sína og hefur því sinnt því að drengurinn fái reglulega að njóta samvista við föðurömmu sína. Stefnandi treystir móður stefnda til að hafa eftirlit með umgengni, enda fari hún fram á heimili hennar, eða í það minnsta í hennar umsjá. Stefnandi telur móður stefnda gera sér vel grein fyrir því mikla öryggi fyrir drenginn sem fylgir stefnda og hún hafi því verið viðstödd þegar stefndi hittir drenginn.

Lagarök og tilvísanir til lagaákvæða: Um lagarök vísar stefnandi til ákvæða barnalaga nr. 76/2003, aðallega 28. gr. og 28. gr. a.

Krafan um forsjá er reist á V. kafla barnalaga nr. 76/2003, einkum 34. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 34. gr. er kveðið á um að dómari geti að kröfu aðila ákveðið að forsjá verði falið öðru foreldri, eftir því sem barni er fyrir bestu. Þá er byggt á barnalögum í heild svo og meginreglum þeirra og undirstöðurökum.

Krafa um að dómari kveði á um inntak umgengnisréttar barns er reist á 5. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Krafa um málflutningsþóknun er byggt á ákvæðum í XXII. kafla laga nr. 91/1991, einkum á 130. gr. laganna. Stefnandi rekur ekki virðisaukaskattskylda starfsemi, sbr. lög nr. 50/1998 og er óskað eftir að tillit verði tekið til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Sönnunargögn:

1. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, frávisun beiðni um staðfestingu á breyttri skipan forsjár, dags. 7. apríl 2021.
2. Vottorð um sáttameðferð skv. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til þess að kalla aðila fyrir og eftir atvikum vitni ef þörf krefur. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn til stuðnings kröfum stefnanda. Stefnufrestur er einn mánuður.

Fyrirkall Fyrir því stefnist nefndum Ágústi Bjarma Símonarssonar, kt. 220679-5519, með ótilgreint heimilisfang, fyrir Héraðsdómi Austurlands, Lyngási 15, Egilsstöðum, fimmtudaginn 2. september 2021, er mál þetta verður þingfest kl. 14 síðdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur hlýða, til sakar að svara og dóm þola. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Hornafirði, 31. maí 2021.

Jóna Benný Kristjánsdóttir lögmaður.

(2021011764

Útgáfud.: 31. maí 2021

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart

fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir júlí 2021:

Vísitala neysluverðs: 501,4 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 9.900 stig.

Reykjavík, 27. maí 2021.

Hagstofa Íslands.

(2021011342

Útgáfud.: 31. maí 2021

Auglýsing ríkisskattstjóra um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2021.

Álagningu opinberra gjalda á árinu 2021 er lokið á þá einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Álagningar- og innheimtuseðlar eru aðgengilegir á þjónustuvef Skattsins; www.skattur.is.

Kærufrestur vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, rennur út þriðjudaginn 31. ágúst 2021.

Álagningarskrá vegna álagningar 2021 á einstaklinga verður lögð fram dagana 17. ágúst til 31. ágúst 2021 að báðum dögum meðtöldum.

Auglýsing þessi er birt, skv. 98. gr. ofangreindra laga.

Reykjavík, 31. maí 2021.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

(2021011351

Útgáfud.: 31. maí 2021

Dómsbirting

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 2021 í máli nr. S-8550/2020.

Dómsorð:

Ákærði, Daniel Biszczad, greiði 470.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 26 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 3 ár og 9 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði 76.515 krónur í sakarkostnað.

Arna Sigurjónsdóttir.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Skrifstofu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 27. maí 2021.

Arni Bergur Sigurðsson saksóknarfulltrúi.

(2021011345

Útgáfud.: 2. júní 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 12. maí 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
-----------	-------------	---------------

Húsavík fasteignasala ehf., kt. 681200-2820, Borgartúni 29, Reykjavík	29. mars 2021	miðvikudaginn 11. ágúst 2021, kl. 11.30
---	---------------	---

2021010954)

Hvassahraun ehf., kt. 700317-1530, Sæviðarsundi 10, Reykjavík	29. mars 2021	miðvikudaginn 11. ágúst 2021, kl. 11.00
--	---------------	---

2021010955)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfufylsingar skulu sendar skiptastjóra að Síðumúla 13, jarðhæð, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Síðumúla 13, jarðhæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Birkir Már Árnason
lögmaður.

(2021010953B

Lögbirtingablað,
18. tölublað 2021.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.